



BETUR MÁ EF DUGA SKAL

SKÝRSLA TIL VIÐSKIPTAÞINGS 2002

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

1	FRAMTÍÐARUMHVERFI ATVINNULÍFSINS	3
1.1	KYNNING	3
1.2	Inngangur	5
1.3	Hagvöxtur á næstu árum	6
1.4	Frjálsræði á Íslandi	9
1.5	Skattamál – skrefi á undan	11
1.6	Aðild að Evrópusambandinu – alltaf hugsanleg	17
1.7	Ný WTO samningalota hefur áhrif á Íslandi	20
1.8	Nýja hagkerfið – varanlegar breytingar	22
1.9	Alþjóðavæðing – hlutfall utanríkisviðskipta verði 50%	25
1.10	Stjórnun í hagsveiflu	31
1.11	Reikningsskil og alþjóðastaðlar	32
2	HAGRÆÐING, STARFMANNAMÁL OG SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ	35
2.1	Kynning	35
2.2	Inngangur	37
2.3	Uppsagnir og hagræðing	38
2.4	Samfélagsleg ábyrgð	39
3	HAGRÆÐING OG LÖGGJÖF UM VIÐSKIPTI OG ATVINNULÍF	41
3.1	Inngangur	41
3.2	Skattamál	41
3.3	Vinnulöggjöf	41
3.4	Samkeppnismál	43
4	SKATTAMÁL OG HAGRÆÐING	47
4.1	Almennt	47
4.2	Tekjuskattshlutfallið skiptir máli	49
4.3	Skref í átt til afnáms eignarskatts	50
4.4	Afnám verðbólgu-reikningsskila - samhlíða aðgerðir nauðsynlegar	50
4.5	Einstaklingsrekstur í einkahlutafélagaform	51
4.6	Tryggingagjald	52
4.7	Stimpilgjöld	52
4.8	Alþjóðavæðing skattkerfisins	53
5	HAGRÆÐING Í ATVINNUREKSTRI	55
5.1	Almennt	55
5.2	Tilkoma virks fjármagnsmarkaðar	55
5.3	Fjármagnsmarkaðurinn greiðir fyrir hagræðingu	56
5.4	Arðsemiskröfur	56
5.5	Hærra menntunarstig - aukinn sveigjanleiki	57
5.6	Horft út á við	58
5.7	Nýsköpun í atvinnulífinu	58
5.8	Rafræn viðskipti - hagnýting upplýsingatækni	59
5.9	Ráðdeild í rekstri alltaf nauðsynleg	59

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

1 FRAMTÍÐARUMHVERFI ATVINNULÍFSINS

1.1 KYNNING

Sá hluti af skýrslu til Viðskiptaþings 2002 sem kallast FRAMTÍÐARUMHVERFI ATVINNULÍFSINS fjallar um ýmis viðfangsefni í atvinnumálum þjóðarinnar á næstu árum. Meginmarkmiðið er að benda á ýmsar fyrirsjáanlegar eða nauðsynlegar breytingar á starfsskilyrðum íslenskra fyrirtækja á næstu árum.

Verslunarráð Íslands telur að Íslendingar þurfi að hafa þann metnað að vilja standa meðal þeirra tíu þjóða heims þar sem líf skjör eru best. Slíkt markmið gerir miklar kröfur til forráðamanna íslenskra fyrirtækja en þau þurfa að skila þeirri framleiðni og verðmætasköpun sem til þarf. Ennfremur þurfa íslensk stjórnvöld að skapa atvinnulífina samkeppnishæf starfsskilyrði. Það er von Verslunarráðsins að sú umfjöllun og ábendingar sem hér koma fram verði til gagns fyrir íslensk fyrirtæki og stjórnvöld við ákvarðanatöku á næstu misserum.

Við undirbúning þessa hluta skýrslunnar var haft samráð við marga félaga Verslunarráðsins og hún er jafnframt afurð mikils starfs sem unnið er á vegum ráðsins og tengdra aðila. Þeir félagar Verslunarráðsins sem beint komu að vinnunni voru þessir:

Árni Tómasson	Búnaðarbanki Íslands hf.
Björn Ingi Sveinsson	Hönnun hf., verkfræðistofa
Guðfinna S. Bjarnadóttir	Háskólinn í Reykjavík
Guðmar Guðmundsson	Tölvumyndir ehf.
Guðmundur Hafsteinsson	Flugfélagið Atlanta hf.
Gunnlaugur M. Sigmundsson	Kögun hf.
Jóhann J. Ólafsson	Jóhann Ólafsson & Co. ehf.
Kristinn D. Grétarsson	Taugagreining hf.
Þorkell Sigurlaugsson	Eimskipafélag Íslands hf.
Örn Valdimarsson	Framtíðarsýn hf.
Örn Viðar Skúlason	SÍF hf.

Umsjón með gerð þessa hluta skýrslunnar hafði Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri.

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

1.2 Inngangur

Stefnur og straumar í þeim löndum sem Íslendingar hafa mest samskipti við hafa jafnan mikil áhrif hér á landi. Hluti af þessum stefnum og straumum og viðfangsefnum í mótun lagaumgjarðar og annarra leikreglna atvinnulífsins koma til landsins í formi tilskipana frá Evrópusambandinu sem Ísland þarf að uppfylla vegna aðildarinnar að hinu Evrópska efnahagssvæði. Hluti kemur til landsins í formi alþjóðlegra samninga á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem við erum aðilar að eins og flest önnur ríki í heiminum. Þá er Ísland aðili að fjölmörgum alþjóðastofnunum þar sem leikreglur á hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins eru mótaðar. Hugmyndir um allt er viðkemur stjórnun og viðskiptum fyrirtækja eru fljótar að berast hingað til lands með þeim fjölda Íslendinga sem stundar nám eða vinnur erlendis og snýr aftur til þess að hasla sér völl í atvinnulífinu. Ísland er í þessum skilningi ekki einangrað land heldur í hringiðu þess helsta sem gerist í heiminum á hverjum tíma. Jafnvel má segja að vegna smæðar landsins séu Íslendingar að mörgu leyti í nánari snertingu við margt sem er að gerast á vettvangi opinberra aðila í þeim löndum sem við höfum mest samskipti við, en hins vegar láta íslensk fyrirtæki almennt lítið yfir sér þegar þau eru borin saman við alþjóðlega risa.

Ísland í hringiðunni

Íslenskt atvinnulíf bæði nýtur þessara miklu alþjóðlegu tengsla og þarf að takast á við mikla samkeppni sem þeim fylgir. Velgengni annarra þjóða skapar markaði fyrir íslensk fyrirtæki og velgengni og opnir markaðir á Íslandi skapa aðgang að erlendum vörum og þjónustu og meiri samkeppni milli íslenskra og erlendra fyrirtækja. Langflest íslensk fyrirtæki eiga í beinni eða óbeinni samkeppni við erlend fyrirtæki og á endanum þurfa þau að vera samkeppnisfær á sínu sviði á alþjóðlegan mælikvarða.

Lífskjör á Íslandi eru nú með því sem best gerist í heiminum og Verslunarráð Íslands hefur haldið því fram sem keppikefli að lífskjör í landinu væru eins og gerðist meðal tíu fremstu þjóða heims á þessu sviði. Í lok hagvaxtarskeiðsins sem var milli árána 1995 og 2000 voru Íslendingar í þessum hópi, en nú þegar hægt hefur á vextinum hér á landi er staða Íslands ekki eins skýr að þessu leyti þrátt fyrir að hægt hafi á hagvexti í helstu viðskipta- og samanburðarlöndum okkar jafnframt.

Ekki lengur í tempó?

Í byrjun desember sl. var áætlað að landsframleiðsla á Íslandi hefði aðeins aukist um 2,2% á árinu 2001 og að hún muni dragast saman um 1,0% á árinu 2002. Spáin fyrir 2002 er væntanlega of svartsýn miðað við þær breytingar sem orðið hafa síðan, þannig að hugsanlega verður einhver hagvöxtur á árinu 2002. Hagþróun í helstu viðskiptalöndum Íslands var ekki glæsileg á árinu 2001 og spár um hagvöxt á árinu 2002 eru ekki uppörvandi. Sem dæmi var hagvöxtur á Evrusvæðinu 1,5% á

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

árinu 2001 og spáð er 1,2% vexti á þessu ári. Vöxturinn í Bandaríkjunum var 1,0% á árinu 2001 og spáð er 0,7% hagvexti á þessu ári. Vöxturinn í Bretlandi var 2,3% á árinu 2001 og spáð er 1,8% hagvexti á árinu 2002. (Í þessum tölum er stuðst við spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá desember 2001).

1.3 Hagvöxtur á næstu árum

Almennt er reiknað með því að hagvöxtur glæðist þegar komið er fram á næsta ár og engin sérstök teikn eru á lofti um langvarandi samdráttarskeið. Oft hefur verið reynt að meta hversu mikill hagvöxtur þurfi að vera á Íslandi til þess að ná því markmiði að hér verði líf skjör eins og gerast meðal tíu fremstu þjóða heims.

3,5 % vöxtur
er lágmark

Venjulega hefur verið staðnæmst við 3,5% meðalhagvöxt og fullyrt að það væri lágmarksvöxtur sem stefna þyrfti að til þess að Ísland héldi örugglega stöðu sinni. Þessi hagvaxtarprósenta er vissulega há í öllum alþjóðlegum samanburði, ekki síst fyrir land sem er þegar í fremstu röð.

Þá ber þess að geta að fólki fer fjölgandi í landinu, bæði vegna þess að fleiri fæðast en deyja og reikna má með töluverðum fólksflutningum til landsins sérstaklega ef vel gengur á efnahagssviðinu. Þannig gerir 3,5% árlegur hagvöxtur um 2,5% vöxt á mann þegar fjölgunin er tekin með í reikninginn en hér er fjölgunarviðmiðunin 1%. Það er svo lykilþáttur markmiðssetningar af þessum toga hvort hægt sé að búast við árlegri framleiðniaukningu á Íslandi sem ber uppi slíkan vöxt.

40% vöxtur á
áratug

Þegar spáð er í hvort Ísland geti haldið sér í fremstu röð eða ekki þarf að leggja mat á frammistöðu efnahagslífsins á heilum áratug. Hvar verður Ísland statt eftir 10 ár eða hvar vilja menn að Ísland verði statt eftir 10 ár? Meðalhagvöxtur á hverju ári upp á 3,5% þýðir rúmlega 40% hagvöxt á heilum áratug og meira en fjórðungsaukningu í landsframleiðslu á mann og þá samskonar aukningu á kaupmætti launa og sambærilegum framförum í almennum lífskjörum. Getur Ísland náð þessum árangri og eru líkur til þess að þær þjóðir sem við berum okkur saman við geti náð þessum árangri?

Athyglisverða úttekt á framtíðarmöguleikum nokkurra landa er að finna í skýrslu OECD, Economic Outlook, frá því í júní 2001. Þar kemur fram mat á langtímahagvexti (2002 – 2006) og hvernig mismunandi lönd standa að því leyti. Í skýrslunni miðar OECD við að árleg framleiðniaukning vinnuafis verði almennt komin í 2,25% eftir 5 ár sem er nokkur hækkun frá því sem var frá miðjum síðasta áratug en á síðustu árum hefur verið miðað við 1,75%. Að meðaltali er árleg framleiðniaukning á árunum 2003 – 2006 talin verða 2,0%. Þessi viðbótar framleiðniaukning er bæði talin stafa af meiri fjárfestingum og áhrifum upplýsinga-

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

og samskiptatækninnar eða “nýja hagkerfisins” á atvinnulíf þjóðanna.

Í skýrslu OECD er gert ráð fyrir því að árleg framleiðniaukning á Íslandi verði 1,8% að meðaltali á árunum 2003 – 2006 sem er óbreytt frá því sem verið hefur á undanförunum árum. Það er með öðrum orðum ekki gert ráð fyrir því að samskonar aukning verði á framleiðni vinnuafls á Íslandi eins og í mörgum öðrum löndum. Gangi þetta eftir verður hagvöxtur á Íslandi heldur minni en hann er áætlaður verða að meðaltali í viðmiðunarlöndum okkar og verulega minni en í þeim löndum þar sem best gengur og við þurfum helst að bera okkur saman við til þess að tryggja stöðu Íslands í hópi þeirra tíu þjóða í heiminum sem þjóða best lífskjör.

Frekar lítil framleiðni- aukning

Þær þjóðir sem taldar eru munu ná bestum árangri í framleiðniaukningu eru Írar (4,7%), Finnar (3,3%) og Grikkir (3,1%). Írar og Finnar eru fyrst og fremst að njóta mikilla umbreytingar í atvinnulífinu og útbreiðslu upplýsinga- og samskiptatækni. Reyndar er sú útbreiðsla ekki áhættulaus eins og dæmin sanna, en hinu verður ekki mælt í mót að áhrif framfara í upplýsinga- og samskiptatækni hríslast um allar atvinnugreinar en eru ekki takmörkuð við þau fyrirtæki sem starfa beint við þær greinar. Grikkir hafa löngum verið vandræðabörn í stjórn efnahagsmála en hafa tekið sig verulega á hin síðustu ár og stokkað upp sín mál og er þetta að skila þeim góðum efnahagslegum árangri.

Aðrar þjóðir sem taldar eru munu ná góðum árangri í framleiðniaukningu eru Bandaríkin (2,2%), Svíþjóð (2,2%), Danmörk (2,1%), Bretland (2,0%) og Þýskaland (2,0%). Þannig er því spáð að bandaríska hagkerfið muni halda áfram að skara fram úr en það hefur á mörgum undanförunum árum verið afgerandi sterkast af stóru hagkerfunum. Frændum okkar Svíum og Dönum er líka spáð góðu gengi en hagnýting upplýsinga- og samskiptatækni hefur gengið vel í þessum löndum.

Í fljótu bragði kann að virðast að ekki sé mikill munur á því sem OECD spáir sem árlegri framleiðniaukningu á Íslandi á næstu árum (1,8%) og því sem spáð er að þær þjóðir geri sem ná bestum árangri. En þá ber að líta til þess að mismunur á framleiðniaukningu vegur þungt þegar lengra tímabil er tekið, t.d. einn áratugur.

Mikil langtíma áhrif

Á hverjum tíu árum sem árleg framleiðniaukning er 0,5% minni en hún gæti annars verið er þjóðin að verða af rúmlega 5% bata í lífskjörum og í sögu þjóðar er hver áratugur fljótur að líða. Að halda Íslandi meðal tíu fremstu þjóða heims í lífskjörum útheimtir langtímasýn og sífellt þarf að vaka yfir samkeppnishæfni atvinnulífsins. Þetta er viðvarandi viðfangsefni en ekki gert í eitt skipti fyrir öll og það er miklu auðveldara að glata samkeppnisforskoti en að vinna það aftur.

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

Álver væri
búbót

Í þjóðhagsáætlun fyrir 2002 gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir því að árlegur hagvöxtur á Íslandi verði 2% - 2,5% á árunum 2003 – 2006. Þessi spá er heldur í lægri kantinum miðað við spá OECD og gengur út frá svipaðri eða jafnvel lægri árlegri framleiðniaukningu. Stofnunin spáir því hins vegar að hagvöxturinn verði á ári hverju 0,5% meiri ef áform um álver á Reyðarfirði verða að veruleika. Lykilatriði í spá Þjóðhagsstofnunar er hins vegar að framleiðniaukning í íslensku atvinnulífi er talin verða frekar rýr án álversframkvæmda. Arðbærar álversframkvæmdir og virkjanir tengdar þeim eiga vissulega fullan rétt á sér og eru nauðsynleg búbót við íslenskt efnahagslíf. Það breytir því þó ekki að nauðsynlegt er að framleiðni aukist hraðar í öllum hinum greinum atvinnulífsins til þess að þær haldi samkeppnishæfni sinni miðað við það sem annars staðar gerist.

Almennt má segja að auðveldara sé fyrir þjóðir sem eru ekki í fremstu röð að bæta ráð sitt og gera þær umbætur í hagkerfi sínu sem koma þeim á hagvaxtarbraut heldur en fyrir þjóðir sem þegar standa í fremstu röð að skapa samfelld það hvetjandi umhverfi fyrir atvinnulífið að staða viðkomandi þjóðar haldist. Sá sem er á eftir getur fylgt reynslu þeirra sem rutt hafa brautina. Í upphafi tíunda áratugarins varð mikil uppstokkun á íslenski viðskiptalöggjöf og fjármagnsmarkaði. Skattamál atvinnulífsins færðust ennfremur til betri vegar. Fjöldi ungs og vel menntaðs fólks kom inn á vinnumarkaðinn. Allt þetta bjó í haginn fyrir uppganginn á árunum 1995 – 2000.

Þá vaknar sú spurning nú hvað aðrar þjóðir eru að gera til þess að ná árangri sem við höfum látið ógert. Almennt í viðskiptalöndum okkar er mikil vakning að skattkerfi þurfi að vera hagstæð atvinnulífi og hvetjandi fyrir fjárfestingar og framfarir.

Lækkun
tekjuskatts
djarft skref

Djarft skref var stigið hér á landi í þessum efnum fyrir síðustu áramót með lækkun tekjuskatts í 18% og lækkun eignarskatts í 0,6% og almennt má fullyrða að skattaleg skilyrði atvinnulífsins séu vel samkeppnisfær á alþjóðlegan mælikvarða. Það breytir því þó ekki að ýmis atriði þarf enn að laga og skattamálum atvinnulífsins verður aldrei skipað þannig að þar sé allt fullgert.

Umgjörð stjórnunar peningamála hefur ennfremur verið breytt hér á landi í samræmi við það sem flestar aðrar þjóðir hafa verið að gera. Seðlabankalögum var breytt á síðasta ári og tekið upp verðbólguþolmið en gengi krónunnar látið fljóta án vikmarka. Segja má að reynslan af flotgenginu frá því það var ákveðið í mars 2001 sé skólabókardæmi um hvernig slíkt fyrirkomulag stuðlar að betra efnahagslegu jafnvægi í hagkerfinu. Viðskiptahalli hefur dregist hratt saman og jafnvægi næst mun fyrr en annars hefði orðið. Verslun hefur fluttst inn í landið og útflutningsfyrirtæki hagnast mjög við hið lága gengi krónunnar. Að sjálfsögðu hefur flotgengi sína anmarka líka. Verð á

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

erlendum gjaldmiðlum (eða á krónunni) er með mikilvægasta verði í litlu og opnu hagkerfi eins og því íslenska sem treystir mikið á utanríkisviðskipti. Óvæntar sveiflur á gengi krónunnar þýða að margir taka rangar ákvarðanir við stjórnun fyrirtækja og þær gera því erfitt fyrir víða í atvinnulífinu.

1.4 Frjálsræði á Íslandi

Oft hefur verið rætt og ritað um hinar miklu breytingar sem hafa orðið á hinum ýmsu innviðum íslensks efnahagslífs á undanförunum árum. Er þá fyrst og fremst átt við breytingar á skattkerfi, fjármagnsmarkaði, einkavæðingu, samkeppnislöggjöf og fjölmörgum öðrum sviðum viðskiptalöggjafarinnar. Góðan mælikvarða á þessar breytingar má sjá í hinni svokölluðu frjálsræðisvísitölu sem unnin er af Fraser stofnuninni í Kanada. Fraser stofnunin hefur unnið að gerð frjálsræðisvísitölnnar í ein 15 ár og verið í samvinnu við 55 aðrar stofnanir víðsvegar um heim.

Frjálsræðisvísitalan mælir hæfni stjórnvalda í einstökum ríkjum. Margir þættir eru metnir í þessu skyni, s.s. umfang ríkisbúskapar og skattlagningar, umfang einkaeignar og opinbers eignarhalds í efnahagslífinu, staða eignarréttinda og stjórnunar á grundvelli laga, skipan utanríkisviðskipta og tolla, skipan gjaldeyrisviðskipta, verðbólga og hömlur á eignasölu til útlendinga.

Mælir hæfni
stjórnvalda

Það hefur sýnt sig að þær þjóðir sem eru efstar á blaði í frjálsræðisvísitölnni eru almennt að gera það best í efnahagsmálum og öfugt. Þær þjóðir sem lakast standa á mælikvarða frjálsræðisvísitölnnar búa einnig við kröppust efnahagsleg kjör.

Þegar þjóðir hafa bætt sig á mælikvarða frjálsræðisvísitölnnar hefur því fylgt efnahagsleg velgengni en þegar stjórnarfarið hefur þróast í öfuga átt hefur sigið á ógæfuhliðina hjá þeim. Ástæðurnar fyrir þýðingu efnahagslegs frjálsræðis eru þær að efnahagsleg réttindi eru grundvallarréttindi í því sambandi að án þeirra verða hvorki tryggð pólitísk né borgaraleg réttindi. Efnahagsleg réttindi eru líka forsenda fyrir hagvexti og framþróun mannsandans í víðum skilningi.

Ísland hefur á síðustu árum verið einn af hástökkvurunum á listanum samkvæmt frjálsræðisvísitölnni. Ísland var í 67. sæti á árinu 1975 sæti en er nú komið í hóp 20 fremstu þjóða heims á þennan mælikvarða (en miðað er við upplýsingar frá árinu 1999).

Ísland
hástökkvari

Það er athyglisvert að skoða samanburð á Íslandi og þeim 10 löndum sem fremst standa á mælikvarða frjálsræðisvísitölnnar. Ísland stendur tiltölulega framarlega þegar litið er til stjórnunar á grundvelli laga og stöðu eignarréttarins, umfangs ríkisbúskapar og skattlagningar og skipunar gjaldeyrisviðskipta. Ennfremur

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

stóð Ísland sig vel á verðbólguælikvarðanum allt fram á síðustu misseri. Ísland stóð hins vegar nokkru lakar þegar lítið var til fjármagnsmarkaðarins, utanríkisviðskipta og skipulags hagkerfisins.

Skattkerfið
dregur okkur
niður

Í skipulagi hagkerfisins eru það einkum skattkerfið og opinbert eignarhald í atvinnulífinu sem draga Ísland niður.

Almennt gildir að skattar á neyslu hafa minnstu skaðlegu áhrif skattlagningar á hagkerfið en skaðlegustu áhrifin koma frá skatti á fjármagn og tekjur fyrirtækja. Ísland hefur að mestu leyti forðast verstu form skattlagningar þar sem megináherslan í íslenska skattkerfinu er á neysluskatta, fjármagnstekjuskattur er tiltölulega lágur og jaðarskattar á einstaklinga eru ennfremur í lægri kantinum í alþjóðlegum samanburði. Óheppilegur eignarskattur dregur íslenska skattkerfið hins vegar niður og sömuleiðis vekja vörugjöld ekki mikla hrifningu.

Ráðleggingar Fraser stofnunarinnar til þess að bæta skattkerfið ganga út á að vísitölubinda persónuafslátt og viðmiðunarmörk í lögum um tekju- og eignarskatt, lækka hátekjuskatt og tekjuskatt fyrirtækja og leggja niður eignarskatt en hækka í staðinn tekjuskatt og neysluskatta. Þær skattbreytingar sem ákveðnar voru fyrir síðustu áramót ganga mjög til móts við það sem talið er vera til fyrirmyndar í alþjóðlegum samanburði.

Þá er að sjálfsögðu hvatt til hraðari einkavæðingar á Íslandi. Um þetta mál er í sjálfu sér lítið deilt en Fraser stofnunin leggur áherslu á að afraksturinn af einkavæðingu eigi að ganga til þess að mæta lífeyrisskuldbindingum ríkisins sem ekki er þegar séð fyrir. Stofnunin varar við því að afrakstur einkavæðingar fari til þess að auka ríkisútgjöld til sérstakra verkefna eins og hún vill meina að tilhneiging hafi verið til.

Utanríkis-
viðskipti
of lítil

Hvað utanríkisviðskiptin varðar þá kemur í ljós að umfang þeirra er langtum minna en það ætti að vera miðað við þær þjóðir sem hæstar standa í frjálsræðisvísitölunni. Ísland á m.ö.o. langt í land í alþjóðavæðingu efnahagslífsins þrátt fyrir öra þróun á undanförunum árum.

Fram kemur að Fraser stofnunin telur að stefna stjórnvalda setji hömlur beint og óbeint á sérhæfingu hagkerfisins og að Ísland missi af tækifærum til aukinna utanríkisviðskipta. Hömlur á viðskipti með landbúnaðarafurðir eru stærsti þyrnirinn í augum stofnunarinnar og telur hún að mikill akkur fælist í að afnema stuðning við landbúnað og takmarkanir á innflutningi landbúnaðarvara. Þá telur stofnunin að hið takmarkaða umfang utanríkisviðskipta bendi til þess að aðrar hömlur en skattalegar komi í veg fyrir aukna alþjóðavæðingu.

Ytri tollar, þ.e.a.s. tollar á vörur frá löndum utan EES, draga Ísland líka niður í hinum alþjóðlega samanburði. Almennt eru tollar og aðrir skattar á milliríkjavíðskipti taldir vera lágir á Íslandi

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

í alþjóðlegum samanburði, en hins vegar er ráðlagt að fella niður ytri tollana.

Á fjármagnsmarkaðnum stendur Ísland vel að því leyti að hlutur einkaaðila í útlánastarfsemi er hár. Ísland stendur hins vegar lakar í fjármagnsviðskiptum við útlendinga og í neikvæðum raunvöxtum en sýnu lakast í opinberu eignarhaldi á bönkum. Ráðleggingar Fraser stofnunarinnar ganga út á að selja hlut ríkisins í bönkunum, leyfa erlendum aðilum að kaupa að vild eignir á Íslandi, þ.m.t. eignarhlut í sjávarútvegsfyrirtækjum, og stækka einingar og hagræða í bankakerfinu til þess að lækka vaxtamun og draga úr neikvæðum raunvöxtum.

Leyfa erlenda fjárfestingu

Því verður ekki á móti mælt að áhersla á efnahagslegt frelsi er forsenda árangurs þjóða í samkeppninni um hvar lífskjör eru best. Ísland hefur tekið miklum framförum að þessu leyti á undanförunum árum, en hins vegar er erfiðara að blanda sér í hóp 10 efstu þjóðanna á mælikvarða frjálsræðisvísitölunnar heldur en að koma sér upp úr því að vera í 67. sæti. Athyglisvert er að þróunin á Íslandi hefur almennt verið sú á síðustu árum að umbætur eru gerðar í frjálsræðisátt. Einkavæðing ríkisfyrirtækja og skattalagabreytingar eru bestu dæmin um það sem gerst hefur á síðustu misserum.

Það hlýtur að vera keppikefli að Ísland komist í hóp þeirra 10 þjóða sem hæstar standa á mælikvarða frjálsræðisvísitölunnar. Sumt af því sem Fraser stofnunin nefnir til sögunnar að Ísland þurfi að gera til þess að komast ofar í frjálsræðisvísitölunni eru ekki svo mikil pólitísk deilumál en gætu engu að síður staðið í mönnum að framkvæma. Þar er fyrst og fremst átt við lækkun á ytri tollum, vísitölubindingu viðmiðana í skattkerfinu, hagræðingu í bankakerfinu og að afrakstur af einkavæðingu renni til þess að rétta af Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Annað sem stofnunin nefnir yrðu án efa pólitísk átakamál, s.s. afnám stuðnings við landbúnaðinn og frjáls innflutningur landbúnaðarafurða og fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi. Flest það sem stofnunin nefnir er hins vegar vel þekkt í umfjöllun um efnahagsleg málefni á Íslandi á undanförunum árum. Að því leyti hafa stefnur og straumar erlendis frá sannarlega borist til Íslands.

Topp 10 keppikefli

1.5 Skattamál – skrefi á undan

Aukin alþjóðavæðing hefur kallað fram margskonar viðfangsefni og vandamál sem snúa að skattamálum fyrirtækja. Íslenska skattkerfið er afar einfalt þegar kemur að starfsemi fyrirtækja sem starfa í mörgum löndum og lengi vel var varla gert ráð fyrir því í lögum um tekju- og eignarskatt að íslensk fyrirtæki störfuðu í fleira en einu landi með dótturfyrirtæki eða útibú.

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

Sérsamningar um skattamál vegna meiriháttar erlendra fjárfestinga hér á landi sýna betur en margt annað hvað íslenska skattkerfið hefur verið óviðbúið alþjóðavæðingu.

Fleiri
tvísköttunar-
samninga

Þær breytingar sem hafa orðið á skattalögum vegna alþjóðavæðingar hafa komið smám saman og það helst þegar vandamálin hafa verið orðin brennandi. Eins hefur tvísköttunarsamningum milli Íslands og annarra landa smám saman verið að fjölga. Mikið er þó ógert í gerð tvísköttunarsamninga og t.d. hafa enn ekki verið gerðir slíkir samningar við 4 ríki Evrópusambandsins og heldur ekki við 5 af þeim ríkjum sem væntanlega verða aðilar að sambandinu innan tveggja ára.

Reyndar ríkir líka það ótrúlega ástand að gerðir tvísköttunarsamningar taka ekki gildi vegna þess að þeir fást ekki birtir í C-deild stjórnartíðinda. Þetta á við um samninga við 4 aðildarríki Evrópusambandsins og ástand af þessu tagi er allsendis óásættanlegt.

Skattkerfi
hindri ekki

Þótt helstu viðskiptalönd okkar séu almennt komin mun lengra en Ísland í að aðlaga skattkerfi sín að aukinni alþjóðavæðingu eru samt sem áður mörg vandamál óleyst. Á vettvangi Evrópusambandsins hefur verið unnið mikið til þess að skilgreina vandamálin og viðfangsefnin. Þessi vinna og sú þróun sem verður innan sambandsins mun án efa hafa mikil áhrif á þróun þessara mála hér á landi. Í október 2001 kom út umfangsmikil skýrsla á vegum Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem fjallar um skattlagningu fyrirtækja á Innri markaðnum. Meginviðfangsefnið hjá Evrópusambandinu er að tryggja að skattkerfi aðildarríkjanna séu ekki þannig uppbyggð að þau hindri framgang Innri markaðarins. Sífellt meiri áhersla er lögð á samruna fyrirtækja yfir landamæri aðildarríkjanna og starfsemi fyrirtækja í mörgum aðildarríkjum samtímis. Tekju-skattar fyrirtækja og einstaklinga eru hins vegar ekki samræmdir milli aðildarríkja og mikil andstaða er við kröfur um samræmingu skatta innan sambandsins.

Í stuttu máli lítur vandamálið þannig út fyrir Evrópusambandinu að mismunandi skattlagning á fyrirtæki og einstaklinga hefur áhrif á staðsetningu atvinnustarfsemi. Þetta á ekki síst við um stærri fyrirtæki sem starfa í mörgum aðildarríkjum. Ákvörðun móðurfélags um staðsetningu dótturfélags fer að hluta til eftir því hvernig skattlagningin er og þegar mismunurinn á skatthlutföllum er talinn í tugum prósentu hlýtur hann að hafa þýðingu við slíkar ákvarðanir. Ekki hefur þó verið lagt mat á það hver áhrifin nákvæmlega eru enda spila þar mjög margir þættir inn í, s.s. aðgangur að mörkuðum, vinnumarkaður, innviðir hagkerfisins, flutningskostnaður og velferðarkerfi. Skattkerfi ríkja er samofið við það hvernig þjóðir vilja haga ríkisbúskap sínum almennt og hvaða verkefni og hlutverk ríkið á að hafa með höndum. Þá eiga stór fjölþjóðleg fyrirtæki alltaf þann kost

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

að fjármagna dótturfélög með lánsfé fremur en eigin fé í formi lána frá eiganda sem geta t.d. verið víkjandi lán. M.a. af þessum ástæðum fylgja ýmiskonar fjármögnunarfélögum stórra fjölþjóðlegra fyrirtækja umfangsmikill rekstur og atvinna.

Mismunandi skatthlutföll í tekjuskatti fyrirtækja eru eitt af því mikilvægasta sem gerir skattkerfi aðildarríkja Evrópusambandsins frábrugðin hvert öðru. Þá er bæði átt við skatthlutföll eins og þau eru lögbundin í löggjöf viðkomandi aðildarríkja en einnig svokölluð virk skatthlutföll, en þau fara m.a. eftir því hvers konar starfsemi á í hlut og hver hagnaðurinn er. Þá þarf einnig að taka tillit til þess hvernig arðgreiðslur til einstaklinga eru skattlagðar. Skattakóngar Evrópusambandsins eru fyrst og fremst Þjóðverjar og Frakkar þar sem virk skatthlutföll eru í kringum 40%. Á hinum endanum eru Írar í sérflokkum en virk skatthlutföll eru líka tilölulega lág í Svíþjóð og Finnlandi eða um 25%. Þessi hlutföll byggja á skattalögum fyrir árið 1999 en síðan hafa skatthlutföll verið að lækka og er munurinn milli skattkerfanna 1999 og 2001 um fjögur prósentustig.

Skattakóngar
Evrópu

Almennt gildir í Evrópusambandinu að skattkerfi ríkjanna eru tiltölulega hagstæð fyrir fjárfestingar í óefnislegum eignum og vélbúnaði og lánsfé er hagstæðasta fjármögnunarleiðin frá skattalegu sjónarmiði. Í Evrópusambandinu er það líka svo að fjárfestingar út úr landi eða inn í land eru að meðaltali skattlagðar meira en jafngildar innlendar fjárfestingar, þannig að fjárfestingar milli landa eru þannig almennt skattlagðar þyngra en innlendar fjárfestingar. Stór fjölþjóðleg fyrirtæki fara hins vegar fram hjá þessum vanda með því að kjósa þá fjármögnunarleið sem er skattalega hagstæðust og með þeim aðferðum eru þau líkleg til þess að njóta hagstæðari virkrar skattlagningar en innlend fyrirtæki.

Það eru ekki einungis mismunandi skatthlutföll sem einkenna skattkerfi aðildarríkja Evrópusambandsins heldur er ýmis mismunur milli þeirra á öðrum sviðum og hann skapar hindranir fyrir starfsemi sem nær yfir landamæri. Meðal þessara þátta má nefna að fyrirtæki þurfa að reikna hagnað í einstökum löndum miðað við verð eins og gildir í viðskiptum óháðra aðila og vera með aðskilið reikningshald og skrá hver einustu innbyrðis viðskipti. Aðildarríkin eru treg til að leyfa frádrátt vegna taps dótturfélaga eða tengdra félaga ef slík félög eru ekki innan skattalögsögu þeirra. Endurskipulagning fyrirtækja sem hefur í för með sér tap á skattlagningarréttindum aðildarríkis er líkleg til þess að leiða til skattlagningar á söluhagnaði eða annars konar skattgreiðslna. Ennfremur geta tvísköttunarsamningur komið upp vegna deilna um skattlagningarréttindi.

Hindranir á
starfsemi

Þá hefur hvert aðildarríki sérstakt regluverk vegna bókhalds og ársreikninga, skilgreininga á skattskyldum hagnaði, innheimtukerfi og stjórnsýslukerfi og net tvísköttunarsamninga.

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

Það hefur í för með sér mikinn kostnað að leitast við að fara eftir öllum þessum lögum og reglum og það eitt og sér felur í sér mikilvægar hindranir fyrir fjölþjóðlega starfsemi. Þessar hindranir eru ekki síst þungar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, veikja samkeppnishæfni þeirra og draga úr virkni Innri markaðarins. Þess vegna reynir Evrópusambandið að finna viðeigandi lausnir á þessum vanda.

Vinna að þessum málum hefur líka verið á vettvangi OECD, sem m.a. hefur gefið út leiðbeiningar um gerð tvísköttunarsamninga sem mikið er farið eftir, leiðbeiningar um verð í innbyrðis viðskiptum og kröfur um skjalagerð í slíkum viðskiptum. Evrópusambandið hefur einnig gefið út nokkrar tilskipanir til þess að draga úr skattalegum hindrunum í atvinnustarfsemi sem nær milli aðildarríkjanna. Meðal þeirra er tilskipun um móður- og dótturfélög sem afnemur staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts milli þeirra. Í henni er hins vegar ákvæði um 25% lágmarks eignarhlut sem veldur mörgum erfiðleikum. Sum skattkerfi eru þannig að frá skatti einstaklinga af arði er dreginn sá skattur sem fyrirtækin hafa þegar greitt. Einstaklingar búsettir í öðru aðildarríki fá hins vegar almennt ekki slíkan frádrátt og þetta á almennt ekki við um arðgreiðslur erlendis frá. Vaxtagreiðslur og greiðslur fyrir hugverkaréttindi milli aðildarríkja eru oft háðar staðgreiðslu og í raun tvískattaðar. Í tilskipun um samruna er fjallað um skattfrestun vegna greiðslu söluhagnaðar, en sú tilskipun er talin ófullkomin og ekki taka á mikilvægum þáttum og mismunandi hvernig hún er framkvæmd í einstökum aðildarríkjum.

Mismunandi
reglur

Þá er mikið gert úr því vandamáli að rekstrartap er ekki millifæranlegt milli aðildarríkja. Þetta er talið vera mjög alvarleg hindrun fyrir atvinnustarfsemi milli aðildarríkja. Með því skapast hættu á tvísköttun þar sem ekki er alltaf hægt að hagnýta rekstrartap innan hvers aðildarríkis og þetta er talið mismuna minni aðildarríkjunum gagnvart hinum stærri og eins erlendri fjárfestingu gagnvart innlendri.

Vandamál vegna verðlagningar í viðskiptum tengdra aðila milli aðildarríkja hafa farið sívaxandi. Kostnaður fyrirtækja við að framfylgja reglum er hár og sífellt er hættu á tvísköttun vegna viðskipta innan sömu fyrirtækjasamstæðu. Fyrirtækin kvarta t.d. undan því að það verð sem þau þurfa að skrá í viðskiptum innan samstæðu hafi ekkert viðskiptalegt gildi, sérstaklega vegna þess að fyrirtæki sem starfa í mörgum aðildarríkjum eru í auknum mæli farin að notast við eitt verð, skráð í evru, sem gildir innan samstæðunnar, óháð því hvar varan er framleidd eða keypt innan samstæðunnar.

Kostnaður af
reglum of hár

Skjalagerð vegna viðskipta tengdra aðila er orðin sífellt flóknari og kostnaðarsamari og túlkun á reglum og aðferðir eru mjög mismunandi milli aðildarríkjanna. Það sama á við um túlkun á leiðbeiningum OECD. Tvísköttun skapast í þessum tilfellum

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

Þegar eitt aðildarríki breytir verði í viðskiptum tengdra aðila milli aðildarríkja en annað viðurkennir ekki breytingar hins ríkisins. Það hefur óhemju kostnað í för með sér að leysa svona mál og gerðardómsleið samkvæmt tilskipun frá Evrópusambandinu er sjaldan notuð.

Þótt net tvísköttunarsamninga milli aðildarríkja Evrópusambandsins sé nánast fullriðið eru eftir sem áður ennþá göt og það er mikill mismunur milli þessara samninga og mismunandi túlkanir þrátt fyrir að flestir þeirra séu gerðir í samræmi við fyrirmynd frá OECD. Þá er sami samningurinn iðulega túlkaður mismunandi milli aðila sem leiðir til tvísköttunar eða skattleysis.

Þá eru ýmsar aðrar skattalegar hindranir í vegi atvinnustarfsemi yfir landamæri milli aðildarríkja Evrópusambandsins þótt þær falli ekki undir fyrirtækjaskatta. Nefna má skattlagningu á starfstengdum greiðslum og hlunnindum, kauprétti á hlutabréfum og viðbótar lífeyrissparnaði og svo sjálfan virðisaukaskattinn sem þykir afar kostnaðarsamur viðureignar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í viðskiptum milli aðildarríkjana.

Í skýrslu Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er fjallað um tvær meginleiðir til þess að fást við skattahindranir á Innri markaðnum. Önnur leiðin felst í að taka vandamálin fyrir eitt í einu og reyna að vinna að lausn þeirra þannig. Hin leiðin er að leita að yfirgrípsmeiri lausnum sem beinast að rótum vandamállanna. Með yfirgrípsmeiri lausnum er átt við að skapa fyrirtækjum innan Evrópusambandsins einn sameiginlegan, samstæðan skattstofn vegna starfsemi innan sambandsins og þá væru forsendur til þess að fella niður þær hindranir sem eru á starfsemi yfir landamæri.

Reyndar hefur skortur á pólitískum lausnum vegna atvinnustarfsemi í fleiri en einu aðildarríki Evrópusambandsins leitt til þess að skattgreiðendur hafa leitað á náðir dómstóla með vandamál sín. Þannig hefur Evrópudómstóllinn í Lúxembúrg úrskurðað í mörgum fordæmisgefandi málum og fellt niður hindranir fyrir fyrirtæki vegna viðskipta milli aðildarríkja, en þó er varla við því að búast að túlkun dómstólsins á stofnsáttmálanum sé fullnægjandi leið til þess að fást við allar slíkar hindranir.

Sé farin sú leið að taka málin fyrir eitt í einu þurfa Evrópusambandsríkin að stórauka samstarf sín í milli og samræma túlkun á mörgum einstökum þáttum skattalaga. Ennfremur þarf að gera breytingar á samrunatilskipuninni og móður- og dótturfélagatilskipuninni. Þá er einnig horft til þess að tilskipun um evrópsk hlutafélög sé loksins að verða raunhæfur möguleiki. Þegar á árinu 1990 lagði Framkvæmdastjórnin fram tillögur um rétt til að færa tap milli aðildarríkja sem aldrei hafa náð fram að ganga, en einnig er bent á danska leið í þessum efnum sem skattleggur danskt móðurfélag sem á dótturfélög í öðrum löndum á grundvelli

VSK dýr í framkvæmd

Evrópu-
dómstóllinn
úrskurðar

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

útkomu samstæðunnar. Bæta þarf gerðardómsákvæði vegna vandamála við verðákvæðanir í viðskiptum skyldra aðila og aðildarríki eru hvött til að þróa fyrirframsamninga um verð í slíkum viðskiptum til að eyða óvissu. Hvatt er til þess að lokið verði við gerð nets tvísköttunarsamninga og bætt inn gerðardómsákvæðum. Reyndar er líka hvatt til þess að aðildarríkin geri með sér alhliða skattasamning sem geri ráð fyrir að Evrópudómstóllinn leysi úr deilumálum.

Gagnkvæm
viðurkenning

Þegar fjallað er um yfirgrípsmeiri lausnir til þess að fella niður skattalegar hindranir er nefnt sem leið að taka upp kerfi gagnkvæmrar viðurkenningar og skattlagningar í heimaríki þannig að fyrirtæki með starfsemi í mörgum aðildarríkjum yrðu einungis skattlögð í einu þeirra þar sem móðurfélagið væri staðsett. Önnur leið er að koma fram með algjörlega samræmdar reglur um skattstofn á sambandsvísu sem fyrirtæki gætu valið að nota. Þá er bent á sem leið að taka upp evrópskan tekjuskatt fyrirtækja sem gæti verið ýmist skylda eða valkvæður fyrir fjölþjóðafyrirtæki. Ennfremur er bent á þá hefðbundnu leið að samræma reglur um skattlagningu fyrirtækja milli aðildarríkja þannig að skattstofn yrði allstaðar eins.

Meginkostirnir við einn samstæðan skattstofn fyrir starfsemi innan Evrópusambandsins eru að kostnaðurinn við að fást við 15 (bráðum 25) mismunandi skattkerfi á Innri markaðnum lækkar, vandamál vegna verðlagningar í innri viðskiptum hverfa, hægt er að millifæra tap og hagnað innan samstæðu og endurskipulagning yfir landamæri yrði einfaldari og ódýrari. Ennfremur væri komið í veg fyrir tvísköttun á mörgum sviðum. Alltaf er gert ráð fyrir því að einstök aðildarríki ákveði sín eigin skatthlutföll.

Bent er á sem hugsanlega leið að hópur aðildarríkja taki sig saman og byrji án þess að gera ráð fyrir því að öll ríkin séu með. Þetta á sérstaklega við ef leið gagnkvæmrar viðurkenningar og skattlagningar í heimaríki er farin. Til þess að skipta skattstofnum milli aðildarríkja er bent á leiðir sem farnar eru í Bandaríkjunum og Kanada í skiptingu skattstofna milli fylkja.

Mismunandi
skatthlutföll
viðurkennd

Framþróun Innri markaðarins hefur sannarlega ýtt undir þörf á því að taka á mörgum vandamálum sem fylgja skipulagningu á atvinnustarfsemi í mörgum löndum. Í skýrslu Framkvæmdastjórnarinnar er fjallað um þessi vandamál og bent á ýmsar leiðir til þess að leysa úr þeim. Athyglisvert er að ekki er gert ráð fyrir því að réttur aðildarríkja til þess að ákveða eigin skatthlutföll verði takmarkaður en að vinnan beinist fyrst og fremst að því að lækka kostnað fyrirtækja og gera flæði fjármagns og vöru auðveldara á Innri markaðnum.

Eftir því sem alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs fleygir fram munu samskonar vandamál og fjallað er um í skýrslu Evrópusambandsins verða fyrirferðarmeiri hér á landi. Ennfremur munu margar ákvarðanir um slík mál, ef teknar verða

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

og tengjast Innri markaðnum, falla undir EES samninginn og ganga yfir Ísland. Sérstaklega er rétt að hafa í huga að dómar Evrópudómstólsins sem túlka stofnsáttmálann og þar sem hliðstæða er til staðar í EES samningnum munu hafa bein réttaráhrif hér á landi.

Dómar hafa áhrif á Íslandi

Almennt má segja að það er íslensku atvinnulífi í hag ef íslensk skattalög eru skrefinu á undan og taka á þeim vandamálum sem evrópsk fyrirtæki eiga við að glíma þannig að íslensk fyrirtæki búi ekki við hindranir í alþjóðavæðingu sinni og hagnýtingu þeirra réttinda sem EES samningurinn færir.

Með lækkun tekjuskattshlutfallsins í 18% og lækkun eignarskattshlutfallsins í 0,6% er verið að stíga stórt skref í að lækka virkan skatt á afrakstur af atvinnustarfsemi. Þetta þýðir að Ísland verður raunverulega hagstæður kostur fyrir staðsetningu hvers konar atvinnustarfsemi, og ef jafnframt er gert átak í að gera skattalögin alþjóðavæn að öðru leyti er hægt að ná ennþá betri árangri. Önnur atriði sem telja með Íslandi að þessu leyti eru t.d. að ekki er lagður staðgreiðsluskattur á vaxtagreiðslur til erlendra aðila og ekki eru nein ákvæði um lágmark eigin fjár fyrir erlend fyrirtæki sem sett eru upp hér á landi. Atriði sem telja á móti Íslandi og þarf að laga eru t.d. skattaleg staða íslenskra starfsmanna sem starfa tímabundið erlendis. Verslunarráð hefur bent á þau vandamál í sérstökum skýrslum en nauðsynlegt er að íslenskir starfsmenn búi við sambærileg skilyrði að þessu leyti og gildir hjá viðskiptaþjóðum okkar og bent hefur verið á danska fyrirmynd í þessum efnum.

Það ætti að vera keppikefli Íslendinga að skoða hvaða vandamál fyrirtæki í aðildarríkjum Evrópusambandsins búa við í sínum viðskiptum milli aðildarríkja og leitast við að gera íslenska skattkerfið þannig úr garði að þessi vandamál séu ekki til staðar á Íslandi.

Eyðum vandamálum

1.6 Aðild að Evrópusambandinu – alltaf hugsanleg

Umræður um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu eru alltaf töluverðar innan íslensks atvinnulífs þrátt fyrir að ekki séu líkur til þess að af aðild landsins verði næstu árin. Evrópusambandið er hins vegar sífellt að breytast og þessar breytingar hafa sín áhrif hér á landi þrátt fyrir að Ísland sé ekki eitt af aðildarríkjum sambandsins. Meðal veigamestu breytinganna á Evrópusambandinu sem sjá má framundan er stækkun þess. Horfur eru á að samningum við tíu ríki ljúki á þessu ári og að aðild þeirra að sambandinu verði staðfest á árinu 2003. Þessi ríki eru Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Tékkland, Slóvakía, Slóvenía, Ungverjaland, Malta og Kýpur. Með stækkun sambandsins og aðild þessara ríkja að EES verður Innri markaðurinn ennþá mikilvægari fyrir Ísland.

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

Skriður í
uppbyggingu

Aðild hinna tíu ríkja að Evrópusambandinu mun hafa mótandi áhrif á Evrópsambandið í framtíðinni þótt hin nýju aðildarríki muni sjálfsagt ekki láta verulega að sér kveða fyrst í stað. Nýju aðildarríkjanna biður áframhaldandi vinna við að nálgast hin Evrópusambandsríkin í efnahagslegu tilliti. Þau eru almennt komin á þokkalegan skrið í efnahagslegri uppbyggingu og hagvöxtur þar hefur yfirleitt verið allgóður á undanförunum árum þrátt fyrir að flest ríkin hafi þurft að glíma við margvíslega erfiðleika. Í þessum löndum ríkir nú almennt bjartsýni um að aðildarviðræðum ljúki á þeim tíma sem stefnt hefur verið að en vissulega er eftir að fjalla um mörg erfið og viðkvæm mál. Aðild að Evrópusambandinu er vissulega ekki óumdeild innan þessara landa og þegar samningar liggja fyrir munu án efa fara fram heitar umræður um skynsemi þess að ganga til liðs við sambandið.

Krefjandi
breytingar

Þær efnahagslegu kröfur sem aðild kallar á geta orðið verulega krefjandi, t.d. á sviði landbúnaðar. Önnur viðkvæm svið snúa að samkeppnismálum, flutningum, skattamálum, byggðastefnu, dóms- og lögreglumálum og fjárframlögum. Margar þjóðirnar sem leita aðildar telja sig hafa pólitíska hagsmuni af aðild ekki síður en efnahagslega, en fyrirfram er ekki ráðlegt að bóka að þær muni allar samþykkja aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá verður að hafa í huga að ýmis atriði í aðildarsamningum við nýju ríkin geta orðið mjög viðkvæm fyrir sum núverandi aðildarríki Evrópusambandsins.

Sundurleitt
samstarf

Á sama tíma og Evrópusambandið hefur verið að stækka hefur samvinna milli aðildarríkjanna víkkað út, þótt sú útvíkkun hafi ekki gengið alltaf eftir beinu brautinni. Þannig má nefna að Bretar, Danir og Svíar eru ekki aðilar að evrusamstarfinu og Bretar og Írar eru ekki aðilar að Schengen samningnum. Þegar kemur að samstarfi á sviði öryggis- og varnarmála er samsetningin ennþá sundurleitari. Nokkur Evrópusambandsríki eru ekki í NATO en það eru Írland, Svíþjóð, Finnland og Austurríki. Þá eru nokkur Evrópuríki utan Evrópusambandsins með í NATO en það eru Ísland, Noregur, Tyrkland, Pólland, Tékkland og Ungverjaland. Nú er nýhafið sérstakt samstarf innan Evrópusambandsins í öryggis- og varnarmálum sem m.a. felst í stofnun sérstaks herliðs á vegum þeirra ríkja sem taka þátt í því. Þá ber svo við að tvö ríki, Danmörk og Írland, vilja ekki taka þátt en "hlutlausu" ríkin Svíþjóð, Finnland og Austurríki eru með. Síðan þarf að semja við NATO um að Evrópuherinn fái aðgang að búnaði og upplýsingum. Ennþá flækist málið þegar hin nýju aðildarríki Evrópusambandsins óska eftir inngöngu í NATO en Eistland, Lettland og Litháen hafa t.d. sýnt því mikinn áhuga. Forystuþjóðir NATO hafa sumar hverjar verið tregar til að hleypa þessum þjóðum í bandalagið en staðan verður virkilega áhugaverð þegar það liggur fyrir að þessar þjóðir eiga rétt á þátttöku í samstarfinu á vegum

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

Evrópusambandsins í öryggis- og varnarmálum og geta orðið hluti af Evrópuhernum.

Oft er rætt um það á vettvangi Evrópusambandsins að það sé risi í efnahagslegu tilliti en dvergur þegar kemur að pólitískum áhrifum. Þetta er lítið undrunarefni þegar lítið er til skipulags öryggis- og varnarmála hjá aðildarríkjum sambandsins.

Pólitískur
dvergur

Almennt má búast við því að Evrópusambandið verði sundurleitara en nú þegar það stækkar, ekki síst vegna þess að einstakir hópar aðildarríkja munu vilja nota sambandið sem vettvang fyrir margs konar aukið samstarf. Ísland hefur reynt að tengjast ýmsu samstarfi á vegum Evrópusambandsins og er m.a. aðili að Schengen samkomulaginu.

Í framtíðinni mun eflaust koma upp sú staða að Ísland leiti eftir aðild að samstarfi á einhverjum sviðum sem sumar Evrópusambandsþjóðirnar verða ekki aðilar að og að Ísland verði þá í fleiri en einu tilfalli í nánari tengslum við Evrópusambandið en sum aðildarríkin.

Innan atvinnulífsins eru skiptar skoðanir á aðild Íslands að Evrópusambandinu en Verslunarráð Íslands hefur ekki fjallað sérstaklega um málið síðan sú afstaða var tekin á árinu 1994 að Ísland ætti heima í sambandinu og að rétt væri að hefja undirbúning að aðildarumsókn. Þeir sem eru á móti aðild benda m.a. á vandamál vegna sjávarútvegs- og landbúnaðarstefnu sambandsins, kostnað við aðild og að það tapist margvíslegir möguleikar sem Ísland hefur utan þess. Ennfremur að aðild setji of miklar skorður við stjórn málefna þjóðarinnar og í raun græðist ekkert á aðild þar sem flestu sem fáist með henni sé líka hægt að ná án hennar. Þeir sem eru fylgjandi aðild benda á að með henni sé styrktur grundvöllur fyrir ábyrgri stjórn efnahags- og atvinnumála, að íslenskt atvinnulíf tengist enn betur þeim stefnum og straumum sem í raun eru ráðandi fyrir allt starfsumhverfi þess, að Ísland verði aðgengilegra fyrir erlenda aðila sem vilja ganga til samstarfs um atvinnuuppbyggingu hér á landi, að markaðsaðgangur batni fyrir sjávarafurðir (og landbúnaðarafurðir), að aðild að evrunni lækki vaxta- og viðskiptakostnað íslenskra fyrirtækja og bæti þannig samkeppnisstöðu þeirra og líf skjör þjóðarinnar og að aðildin kalli á skipulagsbreytingar í atvinnulífinu sem myndu ásamt öllu öðru þegar upp er staðið réttlæta þann kostnað sem aðild fylgir. Aðild Íslands að NATO og fyrirkomulag öryggis- og varnarmála hér á landi hefur hins vegar leitt af sér að ekki hefur verið samskonar pólitískur þrýstingur á aðild eins og í mörgum þeim löndum sem nú sækja eða hafa sótt um inngöngu.

Rök með og
móti

Þróun Efnahags- og myntbandalags Evrópusambandsins eða evrunnar verður líklegasta hreyfiaflið í umræðu um aðild Íslands að sambandinu á næstu árum.

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

Evrán getur
breytt
stöðunni

Meðan Svíar og Bretar standa utan Evrunnar vegur hún um 40% í gjaldeyrisviðskiptum Íslendinga og er þá danska krónan líka reiknuð með evrunni. Dönsku krónuna má í raun telja þar með vegna þess að það er óbifanleg stefna Dana að tengja gengi hennar við evruna. Meðan evran er um 40% mynt í gjaldeyrisviðskiptum Íslendinga yrði áfram veruleg gengisáhætta gagnvart öðrum gjaldmiðlum við upptöku hennar á Íslandi þótt eflaust myndi vægi hennar eitthvað aukast í kjölfarið. Tækju Bretar og Svíar upp evru ykist vægi evrunnar í um 60% og þá er ljóst að gengisáhætta við upptöku hennar á Íslandi minnkar verulega. Meginkosturinn við upptöku evru er að íslenskt atvinnulíf fengi aðgang að sams konar vaxtakjörum og almennt gilda á evrusvæðinu og stöðugt gengi hefur mikla þýðingu fyrir áætlanagerð og ákvarðanatöku í fyrirtækum. Ókosturinn við að láta af hendi sjálfstæða mynt felst hins vegar í því að fljótandi gengi er mjög áhrifamikið tæki til þess að viðhalda jafnvægi út á við fyrir hagkerfið eins og reynsla síðustu mánaða hefur rækilega sannað.

Þá verður að hafa í huga að til þess að ríki séu gjaldgeng til þess að komast inn í evrusamstarfið þurfa hagkerfi þeirra að vera í takt við það sem annars staðar er á evrusvæðinu. Þess vegna voru sett ströng skilyrði fyrir inngöngu um verðbólgu, vexti og halla á rekstri hins opinbera. Ísland uppfyllir nú hvorki skilyrði um verðbólgu né vexti.

Almennt gildir að hagkerfi viðkomandi landa þurfa að vera tiltölulega samstæð til þess að myntbandalag sé skynsamlegt. Þetta er án efa svo hjá þeim ríkjum sem tekið hafa upp evruna nú og þau munu njóta kostanna af hinum sameinaða gjaldmiðli. Það má líka búast við því að með frekari alþjóðavæðingu íslensks efnahagslífs og minnkandi vægi sjávarútvegs í útflutningi að íslenska hagkerfið eigi sífellt meiri samleið með evrusvæðinu í framtíðinni.

Langur ferill

Reikna má með því að aðild að Evrópusambandinu verði áfram til umræðu innan atvinnulífsins eins og verið hefur á undanfórnum árum. Tengsl Íslands við Evrópusambandið eru langmikilvægustu utanríkistengsl landsins á viðskiptasviðinu og því er eðlilegt að jafnan sé verið að huga að því hvernig þeim skuli hagað og hvort þróun mála kalli á breytta stöðu varðandi aðild að sambandinu. Ferillinn frá því að ákvörðun er tekin um að sækja um aðild þangað til landið gæti orðið eitt af aðildarríkjunum er hins vegar langur og ekki einfaldur.

1.7 Ný WTO samningalota hefur áhrif á Íslandi

Þróun mála á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) hefur jafnan töluverða þýðingu fyrir íslenskt atvinnulíf. Lok Uruguay viðuræðnanna á vegum GATT leiddu til stofnunar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar en við það varð ákveðinn

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

vendipunktur í þróun leikreglna um alþjóðaviðskipti. Einn mikilvægasti þátturinn var betra kerfi við úrlausn deilumála og ennfremur voru stigin fyrstu skrefin í frjálsræðisátt vegna viðskipta með landbúnaðarafurðir, en sá hluti samkomulagsins olli töluverðum titringi á Íslandi á sínum tíma.

Í nóvember sl. á fundi í Doha náðist samkomulag um að hefja nýja lotu samningaviðræðna á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Samningaviðræðurnar munu taka nokkur ár og líklega verður þeim ekki lokið fyrr en í fyrsta lagi á árinu 2005. Staða þróunarríkja hefur sett sífellt sterkari svip á umræður innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og þau gera harðar kröfur um að hin auðugari ríki láti af verndarstefnu á þeim sviðum þar sem þróunarríkin eiga möguleika á að byggja upp samkeppnishæfan útflutning.

Milliríkjaviðskipti eru eitt af helstu tækjunum til þess að koma hinum fátækari þjóðum til bjargálna og sífellt meiri áhersla er lögð á það að leikreglur í alþjóðaviðskiptum séu þannig að allar þjóðir geti haft gagn af.

Tæki fyrir
fátækar þjóðir

Meirihluti aðildarríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eru nú þróunarríki og þau láta æ meira til sín taka innan hennar. Þegar hægagangur hefur verið innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hafa ríki á afmörkuðum svæðum tekið sig til og stofnað til fleiri og fleiri fríverslunarsamninga sín á milli og hefur heilmikil þróun orðið í þessum efnum. EFTA hefur þannig gert fríverslunarsamninga við löndin í Mið- og Austur Evrópu, við Marokkó, Ísrael, Mexíkó og samningur við Singapore er á lokastigi. Þá eru viðræður í gangi við Kanada og Chile auk ríkja í Norður-Afríku. Enginn vettvangur er þó til annar en Alþjóðaviðskiptastofnunin til þess að fjalla um alþjóðaleikreglur í viðskiptum þjóða í milli og enginn vettvangur er áhrifameiri til þess að þoka þeim í frjálsræðisátt þegar vel tekst til.

Frjálsari viðskipti með landbúnaðarvörur voru viðkvæmasta svið GATT samkomulagsins á sínum tíma, bæði hér á landi og víða annars staðar í helstu viðskiptalöndum okkar. Í ákvörðuninni sem tekin var í Doha var gefin út yfirlýsing þar sem áréttað var það langtímamarkmið að markaðsvæða alþjóðaviðskipti með landbúnaðarvörur með gagngerum umbótum sem hvíla á traustari leikreglum og sérstökum skuldbindingum vegna stuðnings- og verndaraðgerða í því skyni að leiðrétta og koma í veg fyrir hindranir og inngrip í markaði með landbúnaðarvörur. Jafnframt var ákveðið að fara út í yfirgripsmiklar samningaviðræður með það að markmiði að bæta markaðsaðgang verulega, og draga saman og síðan afnema allar tegundir niðurgreiðslna vegna útflutnings og loks að minnka verulega stuðning við framleiðslu á innlendan markað sem jafnframt truflar milliríkjaviðskipti. Taka skal sérstakt tillit til þróunarlandanna í þessari samningsgerð.

Minni vernd

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

Fjallað um fisk

Ísland barðist ásamt fleiri ríkjum fyrir því að fjallað yrði um truflandi áhrif af niðurgreiðslum í sjávarútvegi í næstu samningalotu á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Árangur náðist á þessu sviði þar sem ákveðið er að fjalla um slíkar niðurgreiðslur og bæta reglur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um þær. Þessar niðurgreiðslur tengjast jafnframt umfjöllun um umhverfismál í tengslum við alþjóðaviðskipti.

Þýðingarmikil hagsmunamál íslensks atvinnulífs munu því koma til umfjöllunar á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar á næstu árum. Sú þróun til aukins frjálsræðis í innflutningi landbúnaðarafurða í samkeppni við innlenda framleiðslu sem hófst með GATT samkomulaginu á sínum tíma mun án efa ganga mun lengra. Það knýr svo á um harðari kröfur um samkeppnishæfni innlands landbúnaðar og vinnslu og dreifingar innlendra landbúnaðarafurða. Ennfremur hefur það afgerandi þýðingu fyrir íslenskt efnahagslíf ef næst að draga umtalsvert úr niðurgreiðslum í sjávarútvegi á alþjóðavísu.

Framleiðni
skapar vanda

Víða hefur það reynst svo í nágrennalöndum okkar, og eins á Íslandi, að andstaða við frjálsræðisþróun í alþjóðaviðskiptum hefur nokkuð tengst þeirri landbúnaðarstefnu sem er ríkjandi í þessum heimshluta. Krafa um aukið frjálsræði í milliríkjaviðskiptum með landbúnaðarvörur er þó ekki undirrotin að þeim vanda sem menn telja að það muni skapa atvinnugreininni. Helsti vandi landbúnaðarins í okkar heimshluta snýr að því að sú framleiðniaukning og hagræðing sem er möguleg í greininni hefur víðast hvar ekki fengið að ganga í gegn. Framleiðnibyltingin skapar mun meiri vandamál (ef nota má það orð í þessu sambandi) en aukin milliríkjaviðskipti og þrýstir á um breytingar sem hafa afgerandi áhrif á lífskjör og búsetu til sveita um alla Evrópu. Vandinn er því þegar upp er staðið frekar “innanlandsvandi” fremur en vandi vegna milliríkjaviðskipta.

1.8 Nýja hagkerfið – varanlegar breytingar

75% lækkun

Á uppgangstíma síðasta áratugar var hugtakið “nýja hagkerfið” á hvers manns vörum, en nú nefnir það varla nokkur maður hér á landið eða annars staðar enda hafa mörg fyrirtæki í upplýsinga- og samskiptagreinum dregið saman seglin og jafnvel hætt starfsemi. Markaðsvirði þessara fyrirtækja á hlutabréfamörkuðum hefur fallið mikið og á Verðbréfaþingi Íslands lækkaði gengi upplýsingatæknifyrirtækja um 72% á síðasta ári. Vissulega hefur mikið af þeirri starfsemi sem kennd er við nýja hagkerfið lent í erfiðleikum og verið stokkuð upp en eftir stendur líkja kjarni af góðum fyrirtækjum og öflugri starfsemi sem á framtíðina fyrir sér. Harðari kröfur eru gerðar til áætlanagerðar og arðsemi og fyrirtækin verða að geta sannað sig á markaðnum með ótvíræðari hætti en áður. Nú er meira og

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

meira horft á það hvort fyrirtækin eru að afla tekna og hvort þær duga fyrir rekstrarkostnaði.

Nýja hagkerfið er því síður en svo liðið undir lok en áhrif hinna öru breytinga í upplýsinga- og samskiptatækni munu í auknum mæli koma fram í öðrum atvinnugreinum sem smám saman hagnýta sér möguleikana. Breytingarnar sem felast í nýja hagkerfinu munu því hríslast út í allar atvinnugreinar og þannig leiða til framleiðniaukningar í hagkerfinu í heild.

Áhrif á allar greinar

Til þess að ná árangri í framtíðinni er því ekki síst mikilvægt að fyrirtæki í öllum atvinnugreinum tileinki sér hina nýju tækni eftir því sem frekast er hagkvæmt. Þetta mun verða einn af ráðandi þáttum um hvort Íslendingum tekst að halda sér í fremstu röð meðal þjóða heims í lífskjörum.

Það er ekki einungis hér á Íslandi sem menn velta fyrir sér þeirri niðursveiflu sem flaggskip nýja hagkerfisins hafa mátt þola heldur er þetta viðfangsefni mikið til umfjöllunar á erlendum vettvangi. Almenn má segja að tæknibyltingar af þeim toga sem þróun upplýsinga- og samskiptatækninnar er gangi yfir í þremur stigum. Fyrsta stigið gengur út á að mikil framleiðniaukning verður í þeim atvinnugreinum sem framleiðslan fer fram í. Annað stigið felst í verðlækkunum og mjög auknum fjárfestingum og á þriðja stiginu fer fram mikil endurskipulagning á allri framleiðslu sem tengist tæknibyltingunni.

Byltingin með nýja hagkerfinu fylgir hefðbundnu mynstri samkvæmt úttekt sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur gert (Október 2001). Á fyrstu stigum nýtur hagkerfið góðs af hinni nýju tækni með auknum fjárfestingum sem sífellt lækkandi verð gerir mögulegar en þegar til lengri tíma er horft verður hagnaður hagkerfisins meiri vegna endurskipulagningar á atvinnustarfsemi. Ábatinn af nýja hagkerfinu kemur fyrst fram í háþrúðum ríkjum og það eru fyrst og fremst notendur hinnar nýju tækni sem hagnast en ekki endilega framleiðendur vöru og þjónustu. Síðast en ekki síst hafa fyrri tæknibyltingar leitt til óhófs á fjármagnsmörkuðum og tæknibyltingin nú er sannarlega ekki eftirbátur að því leyti.

Hefðbundin bylting

Upplýsinga- og samskiptatæknibyltingin er frábrugðin fyrri tæknibyltingum að því leyti að verð á þeim vörum og þjónustu sem henni fylgja hafa fallið mun hraðar en áður hefur sést og ábatinn af henni kemur því fyrr fram en ella. Ennfremur er framleiðsla á vörum og þjónustu mun dreifðari milli landa en áður var ekki síst þar sem milliríkjavíðskipti á þessu sviði eru almennt mjög auðveld.

Mikið hefur verið unnið að rannsóknum á áhrifum nýja hagkerfisins á framleiðni vinnuafls en mismunandi eða ófullkomin gögn gera samanburð milli landa oft erfiðan. Framleiðni vinnuafls getur vaxið ýmist vegna aukinna

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

fjárfestinga á bak við hverja vinnandi hönd eða vegna aukinnar framleiðni allra framleiðsluþátta. Báðar þessar ástæður hafa valdið aukinni framleiðni vegna nýja hagkerfisins. Sérstaklega hafa rannsóknir beinst að Bandaríkjunum þar sem árleg framleiðniaukning í atvinnulífinu utan landbúnaðar jókst úr 1,5% á árunum 1973 – 1995 í 2,5% á árunum 1996 – 2000. Þar er hægt að rekja 0,25% - 0,5% viðbótar framleiðniaukningu til aukinna fjárfestinga og 0,25% til almennrar framleiðniaukningar í framleiðslu á vörum og þjónustu í nýja hagkerfinu. Rannsóknir frá Ástralíu sýna að auknar fjárfestingar í atvinnulífinu í vörum og þjónustu frá greinum upplýsinga- og samskiptatækni hafa aukið almenna framleiðni. Í Japan er rætt um að áhrif nýja hagkerfisins séu um 0,5% –0,75% í árlegri framleiðniaukningu, í Frakklandi er miðað við 0,25%, í Bretlandi er miðað við að áhrifin séu svipuð og í Bandaríkjunum en að aðrir þættir hafi dregið úr framleiðni á mótí. Ekki hafa verið gerðar nákvæmar rannsóknir á Íslandi en miðað við útbreiðslu upplýsinga- og samskiptatækni og fjárfestingar atvinnulífsins í þessari tækni ættu áhrifin að vera nokkur.

Ónýttir möguleikar til aukinnar framleiðni eru hins vegar mjög miklir og það blasir við að sparnaður í kostnaði með aukinni útbreiðslu rafrænna viðskipta getur orðið verulegur.

Sparnaður
vegna lægra
verðs

Þá hefur verið skoðað hversu mikið notendur vöru og þjónustu frá atvinnugreinum upplýsinga- og samskiptatækni hafa hagnast vegna lækkandi verðs og algengar viðmiðanir í þeim eignum eru sem samsvarar 0,2% - 0,4% af landsframleiðslu árlega en Bandaríkin standa upp úr þar sem miðað er við sparnað upp á 0,67% af landsframleiðslu árlega. Önnur meginbreytingin með nýja hagkerfinu er að framleiðslustýring, birgðastýring og stýring vöruflæðis og flutninga hefur batnað stórkostlega og það eykur mjög viðbragðshraða fyrirtækja í öllum greinum atvinnulífsins og dregur þannig úr hagsveiflum.

Eigið fé
nauðsynlegt

Fyrirtæki í nýja hagkerfinu hafa almennt verið fjármögnuð meira með eigin fé en lánsfé og í þeirri óhófsbylgju sem fylgdi upphafsstigum tæknibyltingarinnar var almennt séð auðvelt um vik að fjármagna með þeim hætti uppbyggingu fyrirtækja. Hátt eiginfjárhlutfall sýndi sig líka að vera nauðsynlegt til þess að fyrirtækin réðu við fjárfestingar og að á þeim væri nægilegt traust. Út af nýjabruminu hafa þessi fyrirtæki almennt ekki átt greiðan aðgang að lánsfé. Þau eru oft tiltölulega lítil og skortir á áþreifanlegar eignir til þess að setja sem tryggingu fyrir lánum. Áhættan sem fylgir rekstrinum er ennfremur oft þannig að eigið fé er eðlilegri leið til fjármögnunar en lánsfé. Reyndar hefur þessi staðreynd leitt til þess að hlutabréfamarkaðir hafa víða um lönd þróast hraðar en ella. Fyrir atvinnugreinar nýja hagkerfisins þýða hinar háu eiginfjárkröfur hins vegar að þær eru mun háðari almennum hagsveiflum og sveiflum í viðhorfi fjárfesta en margar aðrar atvinnugreinar.

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

Íslendingar geta dregið margvíslegan lærdóm af þróun nýja hagkerfisins erlendis í samanburði við stöðuna hér á landi. Íslenskt atvinnulíf er á margan hátt í óskastöðu til þess að nýta sér nýja hagkerfið til aukningar á framleiðni. Vinnumarkaðurinn á Íslandi er sveigjanlegur miðað við það sem gengur og gerist í helstu samanburðarlöndum okkar. Það eru engin skipulagsleg höft í atvinnulífinu hér á landi, s.s. á sviði verslunar og vörudreifingar sem dregur úr árangri margra annarra þjóða. Ekkert á að þurfa að hindra nauðsynlega endurskipulagningu í atvinnulífinu til þess að hagnýta upplýsinga- og samskiptatækni til hins ýtrasta og menntastofnanir eru í auknum mæli að svara þörf fyrir starfsfólk sem getur tekist á við þau verkefni sem nýja hagkerfið kallar á.

Eitt stærsta viðfangsefnið í íslensku atvinnulífi sem tengist uppbyggingu nýja hagkerfisins og aukningu á framleiðni er að þróa fjármagnsmarkaðinn þannig að hann geti stutt þessa uppbyggingu. Mikill hluti af verðmætum fyrirtækja í nýja hagkerfinu felast í þekkingu starfsfólks og hæfni þess til tekjuöflunar á markaðnum meðan áþreifanlegar eignir hafa minni þýðingu. Þessi þróun færir í auknum mæli yfir í allar aðrar greinar atvinnulífsins. Þess vegna verður hlutafjármarkaðurinn að þróast þannig að fyrirtæki geti haft greiðan aðgang að eigin fé til þess að fjármagna arðvænlega starfsemi, og innan þeirra fyrirtækja sem stunda útlánastarfsemi fyrir atvinnulífið verður að byggjast upp færni til þess að lána á grundvelli þekkingar á starfsemi viðkomandi fyrirtækja og hagnaðarmöguleikum þeirra. Hefðbundnar tryggingar fyrir lánnum í atvinnulífi verða ekki eins þýðingarmiklar í framtíðinni ef atvinnulífið á að standa meðal þeirra fremstu.

Fjármagns-
markaður er
lykill

1.9 Alþjóðavæðing – hlutfall utanríkisviðskipta verði 50%

Ísland er ungt land í flestum skilningi. Lýðveldið var stofnað 1944, fæðingartíðni er há á Íslandi og hlutfallslega mikið af ungu fólki miðað við það sem gerist hjá nágrannaþjóðum okkar, langflestar byggingar á Íslandi eru yngri en 50 ára, og raunveruleg hagstjórn var ekki almennilega tekin upp á Íslandi fyrr en komið var fram á síðasta áratug 20. aldar.

Þjóðin er að sönnu fámenn þótt líf skjör séu með því besta sem þekkist og íslenska hagkerfið stærra en margar fjölmennari þjóðir mega búa við. Hafa þarf huga að 900 milljónir manna í heiminum lifa af minna en einum Bandaríkjadollara á dag og miðað við slík líf skjör er íslenska hagkerfið eins og hjá 20 milljóna manna þjóð.

20 milljóna
hagkerfi

Íslendinga skortir margar hefðir og marga möguleika sem helstu viðskipta- og samanburðarþjóðir státa af. Þess vegna er það sífellt viðfangsefni að spá í það hvar Ísland geti verið samkeppnisfært á alþjóðlegan mælikvarða. Ekki aðeins hvað

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

Það sé nú sem stendur undir hinum góðu líf skjörum þjóðarinnar heldur líka hverjir verði framtíðarmöguleikarnir. Tekist hefur að byggja upp samkeppnishæfni á ýmsum sviðum, s.s. sjávarútvegi, áliðnaði, þekkingariðnaði og ferðaþjónustu. Fjöldmörg fyrirtæki í öllum greinum atvinnulífsins eru vel rekin. Samt liggur fyrir að betur má ef duga skal.

Árangur þrátt fyrir erfiðleika

Ísland þarf sem lítið land að byggja upp útflutningsgreinar sem hafa í raun engan heimamarkað sem bakhjarl. Þetta er ekki einfalt mál þar sem Ísland er þessi eyja úti í miðju Atlantshafinu. Á undanförunum árum hafa orðið miklar breytingar í útflutningsgreinum Íslendinga, bæði á skipulagi og samsetningu. Þannig hafa stærstu sölusamtökin í sjávarútveginum SH og SÍF verið stokkuð upp og virðist nú sem nýtt jafnvægi sé í bili komið á rekstur þessara félaga og annarra útflutningsfyrirtækja í sjávarútvegi og kraftmikill tími framundan. Upplýsingatækni- og hátæknifyrirtæki hafa verið að byggjast upp með Íslenska erfðagreiningu í fararbroddi en ennfremur má nefna fyrirtæki sem eru nýlega farin að láta verulega til sín taka sem útflutningsfyrirtæki, s.s. Marel, Össur, Flögu, Taugagreiningu, Delta og Pharmaco og öll hugbúnaðarfyrirtækin sem flytja út lausnir. Ferðaþjónustan og flugrekstur hefur sótt mjög fram með vexti Flugleiða og uppbyggingu Atlanta. Það einkennir alþjóðavæðingu íslenskra fyrirtækja á undanförunum árum að stjórnendur fyrirtækjanna hafa verið stórhuga og djarfir. Fyrirtækin hafa meira og minna lent í erfiðleikum í alþjóðavæðingunni sem þau hafa þurft að takast á við, en almennt verður að segja að styrkur helstu útflutningsfyrirtækja Íslendinga er meiri nú en nokkru sinni fyrr.

Hlúð að vaxtar-sprotum

Reyndar er oft kvartað undan því í útflutningsfyrirtækjum þar sem nokkur heimamarkaður er jafnframt til staðar að hann sé ekki nýttur nægilega vel til þess að hlúa að vaxtarsprotum. Þetta á t.d. við um ráðgjafa- og þekkingarfyrirtæki. Ljóst er að íslensk stjórnvöld þurfa að huga að því hvernig ýmis rannsókn- og þróunarvinna á vegum hins opinbera getur nýttst betur til þess að byggja upp íslensk fyrirtæki sem geta orðið samkeppnishæf á alþjóðlegum mörkuðum.

Of litlir bankar

Nú er það farið að há íslenskum fyrirtækjum sem ná árangri í alþjóðavæðingu hvað íslenskir bankar eru litlar einingar. Fyrir íslensk fyrirtæki er almennt mikilvægt að hafa íslenskan heimabanka sem er þá leiðandi banki í viðskiptum við þau og getur unnið með þeim á alþjóðlegum mörkuðum. Frá þessum sjónarhóli er afar óheppilegt fyrir framgang alþjóðavæðingar atvinnulífsins þegar lagðir eru steinar af samkeppnisyfirvöldum í götu sameiningar fyrirtækja og stækkun eininga á íslenska fjármagnsmarkaðnum. Ennfremur undirstrikar þetta kosti þess að öflugur erlendur banki komi inn á sem fullur þátttakandi á markaðnum.

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

Þær breytingar sem gerðar voru á lögum um tekju- og eignarskatt í desember sl. og heimildir til þess að færa bókhald og ársreikninga í erlendum gjaldmiðlum eru mikilvægar aðgerðir af hálfu stjórnvalda til þess að bæta alþjóðlega samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Annað mál sem þarf að vinna að snýr að skattalegri stöðu starfsmanna sem íslensk fyrirtæki senda utan til starfa um lengri eða skemmri tíma. Verslunarráðið hefur sett fram tillögur um hvernig æskilegt væri að haga skattlagningu í þessum tilvikum og haft danskar reglur til hliðsjónar. Eins þarf að huga að stöðu þessa fólks gagnvart almannatryggingakerfinu, ekki síst þegar það þarf að fara til tímabundinna starfa í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Það hefur mikla þýðingu að íslensk fyrirtæki og starfsfólk þeirra búi við samkeppnisfær starfsskilyrði að þessu leyti. Þá er vakin athygli á því að flestar viðskiptaþjóðir okkar hafa sérstakan samning við Bandaríkin sem undanþiggur fyrirtæki frá viðkomandi löndum greiðslu sjúkratryggingargjalds af erlendum starfsmönnum í Bandaríkjunum ef viðkomandi starfsmaður er tryggður í heimalandi sínu. Samningur af þessu tagi þyrfti að komast á milli Íslands og Bandaríkjanna

Skattlagning
starfsmanna
í útlöndum

Ein stærsta spurningin sem Íslendingar standa frammi fyrir er hvort nægilegur vöxtur geti orðið á Íslandi án þess að taka upp markvissari aðgerðir til þess að laða að fólk. Alls staðar þar sem uppgangur er um lengri tíma þarf fólk utan frá til þess að koma inn. Þetta er eitt af megineinkennum svæða þar sem vel gengur. Má í þessu sambandi vísa til Íslands í upphafi 20. aldarinnar þegar verulegt innstreymi var af fagmönnum, s.s., verslunarmönnum, iðnaðarmönnum og tónlistarmönnum sem tóku þátt í hinni miklu uppbyggingu sem varð á fystu áratugum aldarinnar.

Þarf fólk?

Íslenski vinnumarkaðurinn er opinn gagnvart borgurum EES ríkjanna en ýmsar hindranir í vegi annarra. Erlendir ríkisborgarar eru nú um 9 þúsund á Íslandi eða rúm 3% landsmanna. Athyglisvert er að hlutfall erlendra ríkisborgara í aldurshópnum 20 – 24 ára og 30 – 34 ára er yfir 6% og í aldurshópnum 25 – 29 ára er hlutfallið 7,5%. Ekki er til nein nákvæm flokkun á því hvað þessir einstaklingar eru að gera en langstærsti hluti þeirra er væntanlega í ýmis konar almennum störfum þar sem ekki er krafist sérþekkingar eða menntunar og kemur þetta fram þegar tekjur þessa fólks eru bornar saman við það sem er hjá öðrum landsmönnum.

Væntanlega er ekki mikið vandamál að laða til landsins fólk til þess að manna störf sem ekki krefjast fagþekkingar eða sérmenntunar. Meiri vandi er að laða til landsins fólk með sérþekkingu sem vill búa á Íslandi og vera leiðandi í atvinnulífi landsmanna. Er Ísland t.d. nægilega aðlaðandi til þess að íslenskir námsmenn sem giftast erlendum borgurum kjósi að

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

flytja til landsins með fjölskyldur sínar fremur en að setjast að erlendis?

Af þessum ástæðum er það engin tilviljun að tillögur eru settar fram á vettvangi Verslunarráðsins um að Ísland eigi að stefna að því að verða tvítyngd þjóð, þ.e. að enskukunnátta verði svo almenn og svo góð að Íslendingar geti hvarvetna fótað sig á alþjóðlegum vettvangi á því tungumáli og eins að erlendir borgarar sem kjósa að dvelja á Íslandi og hafa gott vald á ensku geti auðveldlega starfað hér á landi og fallið inn í íslenskt samfélag.

Enska í
íslenskum
fyrirtækjum

Enska er orðið helsta samskiptamálið í alþjóðlegum viðskiptum og mörg fyrirtæki sem starfa á alþjóðlegum markaði nota ensku innan sinna vébanda, þrátt fyrir að þau séu ekki staðsett á enskumælandi svæði. Að slíku hlýtur líka að koma hér á landi að íslensk fyrirtæki sem starfa á alþjóðlegum markaði taki upp ensku sem almennt samskiptamál.

Vegna fámennis er íslenski heimamarkaðurinn lítil í flestum skilningi. Þótt hann sé ekki eini litli heimamarkaðurinn í veröldinni þá þýðir þetta engu að síður að ekki er þægilegt að byggja upp íslensk vörumerki á heimamarkaðnum með það að markmiði að þessi merki verði síðan alþjóðleg eða í samkeppni við alþjóðleg vörumerki. Það kallar á mikla fjárfestingu að byggja upp eigin vörumerki, hvort heldur er á sviði vöru eða þjónustu og með aukinni alþjóðavæðingu atvinnulífsins hlýtur sú þróun að verða að erlend vörumerki verði meira áberandi á íslenskum markaði og að þau verði þjónustuð og staðfærð eftir því sem hagkvæmt reynist.

Á árinu 2002 er áætlað að hlutfall innflutnings vöru og þjónustu af landsframleiðslu verði 40,6% en að útflutningshlutfallið verði 40,4%.

Hærra hlutfall
utanríkis-
viðskipta

Þetta er hærra hlutfall fyrir útflutning en á árinu 2001 þegar það er áætlað hafa verið 39,5% og verulega hærra hlutfall en á árinu 2000 þegar það var 34,5%. Innflutningshlutfallið var 41,9% á árinu 2001 en 41,5% á árinu 2000. Þessi breyting á hlutföllunum stafar ekki síst af lækkun á gengi krónunnar og því að innflutningur hefur dregist saman að magni til en útflutningur hefur aukist. Þessi hlutföll eru mjög góðir mælikvarðar á alþjóðavæðingu hagkerfisins og fyrir tíu árum, þ.e.a.s. á árunum 1991 og 1992 var útflutningshlutfallið um 31% og innflutningshlutfallið um 31,5% að meðaltali fyrir þessi tvö ár. Hlutfall innflutnings af landsframleiðslu hefur síðan vaxið jafnt og þétt og hlutfall útflutningsins jókst í svipuðum takti til ársins 1997 en síðan lækkaði það á árunum 1998 til 2000 og var það ákveðin öfugþróun.

Fyrir íslenskt atvinnulíf skiptir miklu máli að festa í sessi þessa breytingu á hlutföllum innflutnings og útflutnings og stefna að því að hækka þau enn frekar. Á næsta tíu ára tímabili þarf að

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

stefna að því að þessi hlutföll verði komin vel yfir 50% af landsframléiðslu, þrátt fyrir að fyrirséð sé að gengi krónunnar eigi eftir að hækka frá því sem nú er.

Milliríkjavíðskipti í heiminum hafa aukist hröðum skrefum á undanförunum árum. Á árinu 2000 var vöxtur þeirra í hámarki eða 13,1% en síðan hefur hægt á vextinum þótt hann sé umtalsvert umfram hagvaxtartölur. Algengur árlegur vöxtur í milliríkjavíðskiptum hefur verið 7% - 9%. Þótt dregið hafi úr hagvexti í helstu viðskiptalöndum okkar og líka úr aukningu milliríkjavíðskipta er engu að síður við því að búast að á næstu árum muni aftur færast fjör í viðskiptin og þau verða sami drifkrafturinn fyrir bætt lífskjör og þau hafa verið á undanförunum árum.

Íslenskt atvinnulíf kemst því ekki hjá því að þróast með sambærilegum hætti og útflutningur verður að fá meiri athygli en verið hefur á undanförunum árum. Nú má segja að hið lága gengi krónunnar færi útflutningsatvinnuvegunum góða stöðu og hana verður að nýta til þess að byggja upp frekari vöxt útflutningsfyrirtækja. Vöxtur hefðbundins sjávarútvegs er takmörkunum háður en hins vegar hafa framsækin fyrirtæki í þeirri grein verið að hasla sér völl í skyldri starfsemi, s.s. fiskeldi og líftækni. Það væri bæði æskilegt fyrir efnahagslífið í heild og atvinnugreinina sjálfa ef sjávarútvegsfyrirtækin myndu vaxtarmöguleika í skyldri starfsemi. Frekari uppbygging áliðnaðar á Íslandi er góður kostur og svo virðist sem sumir fjárfestar hafi trú á því að þessi starfsemi sé arðbær. Þá má ekki gleyma hinni miklu þýðingu sem starfsemi upplýsingatækni- og þekkingarfyrirtækja getur haft fyrir þróun útflutnings og íslensks samfélags og ferðaþjónusta verður örugglega áfram ein af helstu vaxtargreinum okkar.

Gengi lagar

Eitt vandamál sem fylgir hinum litlu einingum í íslensku atvinnulífi er að stjórnendahópurinn er of fámennur til þess að ráða almennilega við útrás á aðra markaði eða yfir á önnur svið. Það vantar mjög oft hæfa stjórnendur á millisviðum sem geta farið til annarra landa eða sett sig inn í nýja starfsemi. Þessir þættir hvíla þá oft of mikið á herðum aðalstjórnenda fyrirtækjanna sem þá hafa ekki nægan tíma á meðan til þess að sinna aðalverkefnum sínum. Þess vegna þurfa einingar í íslensku atvinnulífi að fá svigrúm til þess að stækka þannig að þær hafi burði til þess að færa út kvíarnar og eins þurfa íslensk fyrirtæki almennt að vera jákvæð fyrir hvers konar samstarfi og samvinnu um nýjungar og útrás.

Of fámennur hópur

Ísland hefur almennt jákvæða ímynd í viðskiptalöndum okkar og svo virðist að mun meira sé fjallað um landið með jákvæðum hætti en við er að búast um svo fámenna þjóð. Mikið starf hefur verið unnið á vegum einstakra fyrirtækja, s.s. Flugleiða, að kynna landið og fá um það umfjöllun. Ennfremur hafa utanríkisþjónustan og Útflutningsráð verið að vinna mjög gott

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

starf á þessu sviði. Það er ákveðið forskot fyrir svo fámennan hóp sem Íslendingar eru að eiga sitt eigið flagg, sitt eigið ríki, sem hefur sæti við borðið meðal þjóða heims. Að sjálfsögðu hefur það kostnað í för með sér að halda uppi merki landsins en ef vel tekst til skilar sá kostnaður sér til baka og vel það.

Sterkari
ímynd

Vegna fámennisins og stuttra samskiptaleiða er mun auðveldara en ella að skapa markvissa ímynd af landinu og þjóðinni, þannig að hún virðist eins stór og merkileg og frekast er kostur. Stundum hefur verið sett í gang ímyndarsköpun á vegum Útflutningsráðs og Ferðamálaráðs en nokkuð skortir hins vegar á að grundvöllurinn fyrir þessari ímyndarsköpun sé nægilega breiður og fylgja henni eftir út á við sem inn á við. Ástæða er til að taka þessi mál mun fastari tókum en gert hefur verið.

Oft hefur verið á það bent að Ísland sé heppilegur tilraunamarkaður fyrir margskonar nýjungar. Þetta á við á hefðbundnum vöru- og þjónustumarkaði en einnig á öðrum sviðum, s.s. varðandi hugbúnað. Íslendingar eru almennt afar nýjungagjarnir og tilbúnir til þess að prófa nýja hluti eða leiðir. Boðleiðir eru stuttar og oftast nær ekki flókið að taka ákvarðanir eða breyta vinnuaðferðum. Þetta er kostur sem Ísland hefur og þarf að nýta til hins ýtrasta.

Bandaríkin og Lúxembúrg eru lönd sem er athyglisvert fyrir Íslendinga að bera sig saman við og spyrja af hverju þau eru að ná þeim góða árangri sem þau hafa gert. Bandaríkin eru forysturíki heimsins á flestum sviðum en Lúxembúrg hefur íbúafjölda sambærilegan við Ísland og hefur tekist að búa borgurum sínum bestu lífskjör innan Evrópusambandsins.

Nýjungar
velkomnar

Bandaríkin eru ráðandi aðili í heiminum í fleiri en einum skilningi. Þegar litið er til þess hvaða fjölþjóðafyrirtæki hafa náð árangri eru mörg þau helstu bandarísk, mikið af alþjóðlegum vörumerkjum og alþjóðlegri starfsemi í skemmtana- og afþreyingariðnaði eru bandarísk að stofni til. Bandaríkin eru þjóða fremst á sviði vísinda og þar eru helstu hugmyndasmiðjur heimsins. Ísland verður aldrei jafn stórt og Bandaríkin en mælikvarðinn einn á móti þúsund er hins vegar góður í öllum samanburði. Það sem helst er nefnt til sögunnar um hvað Íslendingar geti lært af Bandaríkjamönnum er hvað þeir eru opnir fyrir nýjum hugmyndum og nýsköpun í atvinnulífi, virðingin sem borin er fyrir einstaklingsframtaki, umburðarlyndi gagnvart mismunandi hópum og lífsháttum, vilji til að læra af mistökum og gefa annað tækifæri, almenn áhersla á rannsóknir, þróun og endurmenntun, vinnusemi og fyrirbyggja varðandi lífeyrismál og menntun barna.

Lúxembúrg er svo athyglisverð fyrirmynd af þveröfugum toga en Bandaríkin og merkilegt er hvernig sú þjóð hefur komið ár sinni fyrir borð sem smáþjóð milli stórþjóða. Meginástæða velgengni Lúxembúrgara er hversu þeir hafa verið snjallir að notfæra sér sjálfstæði landsins til þess að laða til sín fjármagn og

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

fjármálastarfsemi og ennfremur til þess að hasla sér völl á sviði fjarskipta. Þeir hafa sýnt mikið frumkvæði í skattasamkeppni og mótun hagstæðra rekstrarskilyrða. Í Lúxembúrg var hefðin sú að opna sem allra mest fyrir streymi fjármagns til og frá landinu meðan íslenska aðferðin var löngum þveröfug og fólst í höftum á fjármagnsflutninga. Lúxembúrgarar hafa náð sínum árangri sem smáþjóð innan Evrópusambandsins meðan Ísland reynir að standa þar fyrir utan.

1.10 Stjórnun í hagsveiflu

Stöðugleiki er það umhverfi sem flesta stjórnendur dreymir um meðan sveiflur í verðlagi eða eftirspurn eru áhyggjuefni. Þess vegna kalla stjórnendur fyrirtækja jafnan eftir því frá stjórnvöldum á hverjum tíma að vinna gegn sveiflum í efnahagslífinu. Innan hagfræðinnar hefur það löngum verið viðfangsefni að leita orsaka fyrir hagsveiflum og möguleikum til þess að vinna gegn óæskilegum áhrifum þeirra.

Fyrir hvert fyrirtæki snýst málið hins vegar um hvernig það getur búið sig best til þess að starfa í umhverfi þar sem hagsveiflur eru staðreynd. Hagsveiflur eru ekki séríslenskt fyrirbrigði en engu að síður virðast of margir ekki gera nægilega vel ráð fyrir þeim við rekstur fyrirtækja.

Hagsveiflur
allstaðar

Uppsveifla í íslensku efnahagslífi birtist flestum fyrirtækjum sem uppsveifla í eftirspurn og þensla á vinnumarkaði. Á fyrstu stigum uppsveiflunnar er reksturinn auðveldur þar sem nýting starfsfólks, fjármagns og aðstöðu batnar, framleiðnin eykst og arðsemin verður meiri. Smám saman myndast svo flöskuhálsar á einstökum sviðum og þá þarf að leita dýrari leiða til þess að þjóna eftirspurninni. Vinnnumarkaðurinn verður erfiðari, ráða þarf inn nýtt og óreynt starfsfólk, yfirvinna verður meiri, starfsagi minnkar, þyngri kröfur koma fram um launahækkunar og stærri yfirbyggingu.

Niðursveiflan birtist svo með öfugum formerkjum. Eftirspurnin dregst saman og nýting starfsfólks, fjármagns og aðstöðu versnar, framleiðnin minnkar og arðsemin sömuleiðis. Vinnnumarkaðurinn breytist, starfsfólk segir ógjarnan upp, ekki verður sami þrýstingur á launahækkunar og umsóknir taka að berast um störf frá fólki með mikla reynslu og meiri þekkingu en þarf fyrir þau störf sem í hlut eiga. Agi eykst á vinnustað.

Þessi hringur er vel þekktur en samt er það eilíft viðfangsefni stjórnenda að skynja sveiflurnar og stýra rekstrinum í gegnum þær. Almenn má segja að íslenskt atvinnulíf sé betur í stakk búið nú en á árum áður að takast á við þessi vandamál. Hraði og viðbragðssnerpa hafa almennt aukist í viðskiptum, birgðastýring batnað og fjármagnsmarkaðurinn hefur þróast mikið til betri vegar. Þá hefur það mikið að segja að verðlag er orðið mun stöðugra en áður var og nú þykir engum ásættanleg

Hringurinn
viðfangsefni

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

9% hækkun verðlags eins og á árinu 2001 og almennur vilji er til þess að verðlag hækki ekki meira á Íslandi en í helstu viðskiptalöndum.

Fleiri stoðir

Stjórnendur íslenskra fyrirtækja reyna ýmsar leiðir til þess að lifa við sveiflurnar og víst er að í öllum breytingum felast tækifæri jafnt sem ógnanir. Þeir reyna að byggja nægilegan sveigjanleika í rekstrinum þannig að fyrirtækin geti aðlagast því ástandi sem er á markaðnum hverjum sinni. Margir reyna að hafa nægilega margar stoðir undir rekstrinum þannig að einhver hluti starfseminnar sé minna háður hinni almennu efnahagssveiflu en aðrir eða að hluti starfseminnar sé þess eðlis að taka jafnvel við sér þegar ástandið versnar almennt í hagkerfinu. Margir reyna að búa til dreifðan hóp viðskiptavina eftir svæðum eða starfsgreinum.

Þá hafa umbæturnar á fjármagnsmarkaðnum, sérstaklega á hlutabréfamarkaðnum, og breytingar á skattalögum á undanförunum árum orðið til þess að það er miklu greiðara fyrir fyrirtæki að sameinast eða skipta sér í sundur en áður var. Ennfremur eru eigendur fyrirtækjanna mun opnari en áður fyrir breytingum og almennt er áhersla á arðsemi í rekstri meiri en áður.

Óhætt er að fullyrða að íslenskt atvinnulíf er mun betur í stakk búið nú en fyrir nokkrum árum að aðlagast sveiflum í efnahagslífinu. Það breytir því þó ekki að árangur er fyrst og fremst undir stjórnendum fyrirtækjanna kominn og mistök eða rangar ákvarðanir eru ekki sjálfkrafa úr sögunni. Ennfremur gerast alltaf einhverjir atburðir og breytingar sem ekki er hægt að sjá fyrir og ákvarðanir sem undir venjulegum kringumstæðum áttu að vera réttar reynast síðan rangar.

1.11 Reikningsskil og alþjóðastaðlar

Krafa um alþjóðlega staðla

Alþjóðavæðing atvinnulífs í heiminum og samtenging fjármagnsmarkaða hefur leitt af sér þörf til þess að setja alþjóðlega staðla um reikningshald og ársreikninga fyrirtækja. Sífellt harðari krafa er gerð til þess að fyrirtæki sem starfa á alþjóðlegum vettvangi að einhverju leyti noti hina alþjóðlegu staðla eftir því sem við á.

Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar hafa nú fengið þá viðurkenningu að Framkvæmdastjórn Evrópsambandsins hefur lagt til að það verði skylda fyrir skráð fyrirtæki í Evrópu að samstæðureikningar þeirra verði í samræmi við alþjóðastaðlana frá og með árinu 2005. Verði þetta að veruleika mun þetta líka taka gildi á Íslandi. Alþjóðasamtök fjármálaeftirlitsstofnana hafa lagt til að fyrirtæki eigi að geta notað alþjóðastaðlana við útboð eða skráningar yfir landamæri enda sé líka hægt að fara fram á viðbótarupplýsingar.

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

Gerð hefur verið sérstök úttekt á vegum stærstu endurskoðunarfyrirtækjanna í heiminum á stöðu einstakra landa gagnvart hinum alþjóðlegu reikningsskilastöðlum og Íslandi þar á meðal. Þar kemur m.a. fram að íslenskar reikningsskilareglur geti verið frábrugðnar því sem segir í hinum alþjóðlegu stöðlum vegna þess að það vantar ákvæði um skilgreiningar á samstæðum annað hvort sem móður- og dótturfélög eða hagsmunabandalög og önnur ákvæði um móður- og dótturfélög. Það vantar ákvæði um meðferð uppsafnaðs gengishagnaðar eða gengistaps við sölu á eignaraðild í erlendum rekstri. Ákvæði vantar ennfremur m.a. um meðferð óefnislegra eigna sem myndast inni í rekstrinum, rýrnun eigna, meðferð eignarleigusamninga og hlunnindi starfsmanna önnur en lífeyrisréttindi. Rætt er um að ekki séu sérstakar reglur um skýringar hvað varðar breytingu á eigin fé, sanngjarnt verðmat á peningalegum eignum og skuldum, sanngjarnt verðmat á almennum eignum sem fjárfest hefur verið í, viðskipti tengdra aðila og aflagða starfsemi.

Ýmis ákvæði vantar

Þá er bent á ósamræmi milli íslenskra reglna og alþjóðlegu staðlanna sem geti valdið misræmi fyrir mörg fyrirtæki á tilteknum sviðum. Íslenskar reglur skilgreina t.d. dótturfélög á grundvelli meirihlutaeignar fremur en samkvæmt raunverulegum yfirráðum, sum dótturfélög eru útilokuð frá samstæðu, hægt er að gjaldfæra í einu lagi kostnað vegna rannsókna og þróunar þegar fyrirtæki er yfirtekið, almennar eignir eru verðleiðréttar m.v. verðbólgu en ekki metnar á sanngjörnu verði (þá er ekki tekið tillit til nýsettra laga en hins vegar vantar vissulega betri ákvæði um sanngjarnt mat), tekjumat á verksamningum er frábrugðið, afleiður bæði eignamegin og skuldamegin eru ekki metnar á sanngjörnu verði, sérreglur eru um útreikninga á skuldbindingum vegna starfsmanna, eigin hlutabréf má telja til eigna og rannsókna- og stofnkostnaður getur verið eignfærður.

Ósamræmi

Mikil breyting er nú að verða á reikningsskilum íslenskra fyrirtækja við afnám verðbólgu-reikningsskila. Ljóst er að verðbólgu-reikningsskil eru ekki í takt við alþjóðlega staðla nema við skilyrði óðaverðbólgu og sem betur fer eru þau skilyrði ekki lengur fyrir hendi á Íslandi. Ýmsar fleiri breytingar þarf að gera á þeim reglum sem gilda um reikningsskil og ársreikninga og nauðsynlegt er að alþjóðlegum stöðlum sé fylgt enda horfur á að það verði skylda í framtíðinni fyrir skráð félög. Reyndar virðist svo sem reglur hvers einasta ríkis séu að einhverju leyti frábrugðnar alþjóðlegu stöðlunum og fleiri þjóðir en Íslendingar þurfa að huga að þessum málum. Það breytir þó engu um þýðingu þess fyrir Ísland að hefja vinnu að breytingum.

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

2 HAGRÆÐING, STARFMANNAMÁL OG SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

2.1 Kynning

Þegar hugað er að því hvernig gera megi gott betur í atvinnulífinu hlýtur fljótlega að koma til hugmynda um hagræðingu. Hagræðing fyrirtækja snertir mjög starfsfólk og oft fær hagræðing, eins jákvæð og mikilvæg hún nú er, nokkuð neikvætt yfirbragð. Það er nauðsynlegt að hagræðingarferli sé stöðugt í gangi. Í því taka allir þátt og aðstæður og aðgerðir af hendi hins opinbera mega ekki koma í veg að það nái fram að ganga.

Undanfarið hefur þeirra hugmynda gætt að fyrirtæki beri meiri ábyrgð en almennt hefur áður verið talið. Einhvers konar samfélagsleg ábyrgð er talin hvíla á atvinnulífinu. Að sama skapi hefur þeirra hugmynda gætt að samfélagið, hið opinbera, eigi sérstakar kröfur á hendur atvinnulífinu, umfram þá kröfu um hagkvæmi sem eðli máls leiðir af frjálsu hagkerfi. Hið opinbera hefur þannig virst talið sig eiga heimtingu á því að koma, með ákveðnum hætti, að beinni stjórn fyrirtækjanna. Samkeppnislög hafa verið tæki hins opinbera í þeim efnum.

Þessar hugmyndir þarf að hafa í huga þegar kemur að hagræðingu í atvinnulífinu. Að einhverju leyti geta þær samrýmst markmiðum fyrirtækjareksturs en að öðru leyti alls ekki.

Við undirbúning þessa kafla komu eftirtaldir félagar VÍ:

Þórólfur Árnason (Tal hf.)

Ólöf Þorvaldsdóttir (Hér og nú, auglýsingastofa)

Rakel Olsen (Sigurður Ágústsson ehf.)

Þröstur Sigurjónsson (KPMG ráðgjöf)

Umsjón með gerð kafla tvö og þjú hafði Sigríður Ásthildur Andersen lögfræðingur Verslunarráðs.

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

2.2 Inngangur

Þó hagræðing fari í sjálfu sér stöðugt fram hjá fyrirtækjum, eða ætti að minnsta kosti að gera það, er augljóst að nú fer í hönd tími sérstakrar hagræðingar hjá flestum. Til að nýta fjárfestingar síðustu ára og láta þær borga sig er í flestum tilfellum nauðsynlegt að fyrirtæki hagræði nú á sem flestum sviðum. Spurningin sem hlýtur þá að þurfa að svara er sú hvar tækifærin séu til hagræðingar?

Ekki fer mikið fyrir uppsögnum enn sem komið er. Haggræðingin nú virðist felast í því að fá meira út úr þeirri starfsemi sem er til staðar og starfsmenn virðast taka þátt í þessari hagræðingu.

Kannanir hafa sýnt að í niðursveiflu fara fyrirtæki að leggja áherslu á að sinna þeim viðskiptavinum sem þeir hafa eignast í undangenginni uppsveiflu. Þau hætta með öðrum orðum að eltast við nýja og fara að rækta garðinn sinn. Það liggur mikið tækifæri til hagræðingar í þessum þjónustupætti, sérstaklega sé það rétt sem talið hefur verið að það geti verið allt að fimm sinnum dýrara að ná í nýja viðskiptavinum heldur en að halda í þá sem fyrir eru. Mörg fyrirtæki þurfa því hugsanlega að bæta þjónustustig sitt, þó ekki endilega með meira og alls ekki flóknara þjónustustig heldur aðallega rétt. Með öðrum orðum þýðir þetta að það verður að þekkja þarfir og væntingar þeirra viðskiptavina sem eru mikilvægastir. Og þar af leiðir að nauðsynlegt er að finna út hvaða kúnnar eru mikilvægastir!

Þekkja sína kúnnar

Tækifæri til hagræðingar liggja einnig í innra skipulagi fyrirtækja og er það kannski sú hagræðing sem flestum finnst liggja beinast við. Í mörgum fyrirtækjum eru í gangi ýmis verkefni sem ekki virðast tengjast með nokkrum hætti og þaðan af síður að þau styrki hvert annað. Skipulagning innra starfs fyrirtækja er því ein mikilvægasta hagræðingarleiðin sem hafa þarf í huga.

Mönnum hefur þótt sem að stoðdeildir fyrirtækja hafi ekki fengið að vaxa til jafns á við útrásadeildir þeirra. Slíkt getur valdið því að meiri hagræðingar er þörf en ella. Til að minnka hagræðingarþörfina eftir að uppgangstíma lýkur er nauðsynlegt að stjórnendur setji fram kostnaðaráætlanir miklu fyrr en nú tíðkast. Æskilegt getur líka verið að færa áætlanagerð neðar í fyrirtækjum. Virkari áætlanagerð virðist oft vanta með tilliti til mannafla. Það er mikilvægt að starfsmenn taki almennt þátt í hagræðingu en hafa þarf í huga að oft getur verið erfitt að ætlast til þess að starfsmenn taki þátt í hagræðingu (sem oft felst í niðurskurði) ef þeir hafa ekki fengið tækifæri til að taka sérstaklega þátt í eða fengið beina hlutdeild í uppsveiflu fyrirtækisins.

2.3 Uppsagnir og hagræðing

Skýr afstaða

Heyrst hefur að þær uppsagnir sem eigi sér stað þessa dagana séu gjarnan í skjóli hagræðingar þó sannleikurinn sé oft sá að verið er að manna stöður betur, þ.e leita að hæfara fólki. Mikilvægt er að stjórnendur hafi starfsmannastefnu sína gagnsæja og slái ekki af kröfum sínum gagnvart starfsmönnum. Þannig á að vera hægt að komast hjá misskilningi um eðli hagræðinga því nauðsynlegt er að menn átti sig á muninum á uppsögnum vegna hagræðinga og uppsögnum af öðrum orsökum. Þá er um leið komið í veg fyrir að almennar hagræðingar fái á sig neikvætt yfirbragð. Fyrirtæki eiga nefnilega stöðugt að vera að hagræða og menn mega því ekki vera ragir við að lýsa helstu hagræðingartækjum sínum.

Fleiri
möguleikar en
uppsagnir

Rétt er að hafa í huga að uppsagnir eru ekki endilega besta lausnin þegar kemur að hagræðingu. Minna vinnuhlutfall hvers starfsmanns getur virkað jafnvel og uppsögn. Slíkt hefur svo þann ótvíræða kost að með því að halda starfsfólki þegar verr árar geta fyrirtæki verið betur í stakk búin til að mæta næstu uppsveiflu, þekking hefur þá ekki fluttst út úr fyrirtækinu, aðeins þarf þá að auka starfshlutfallið aftur. Í þessu sambandi er athugunarvert að það getur verið starfsmanninum sjálfum til mikilla hagsbóta, jafnvel fjárhagslega, að minnka vinnuhlutfall. Minna vinnuhlutfall þarf ekki að leiða til minni ráðstöfunartekna. Draga má hugsanlega úr kostnaði við það að vera á vinnumarkaði með því að breyta vinnutilhögun, t.d með minna vinnuhlutfalli. Það er hagur fyrirtækja að kynna starfsmönnum þessa kosti. Stjórnendur ættu því að vera vel að sér um þennan hagræðingarmöguleika.

Oft getur verið erfitt að fá starfsmenn til að hætta sökum aldurs. Það er mikilvægt að fyrirtækin leitist við að hjálpa þeim sem á þurfa að halda að eiga líf utan vinnu. Það getur auðveldað mjög við það að leysa aðstæður, oft á tíðum erfiðar, þegar til starfsloka ætti að koma. Um leið þurfa fyrirtæki að huga að þeim möguleika að hjálpa fólki að hætta störfum með því t.d. að gera starfslokasamninga við það fyrr. Annars er aldur starfsmanna nokkuð áhugavert viðfangsefni þessa dagana. Svo virðist sem aukin ásókn hafi verið að undanfögnu í ungt starfsfólk. Til dæmis er meðalaldur starfsfólks fjármálafyrirtækja 30 ár. Varhugavert er ef fyrirtæki veigra sér við að ráða eldra starfsfólk. Ekki má vanmeta þá reynslu og stöðugleika sem eldra starfsfólk getur fært fyrirtækjum. Án efa er einnig hættu á að mjög lágur meðalaldur í fyrirtæki rýri trúverðugleika fyrirtækis út á við.

Á tímum samdráttar er alltaf nokkur tilhneiging til aukinnar verktakastarfsemi. Slík þróun ef oft varasöm því það er ekki æskilegt að verktakastarfsemi aukist hjá hefðbundnum starfsmönnum sem í raun starfa sem launþegar, að minnsta kosti ekki ef minni starfsmannaábyrgð fyrirtækja fylgir ekki kjölfarið.

Lítið hefur verið hugað að fagmenntun að undanfögnu. Meira hefur borið á því að byggt sé á toppinn, til dæmis með stjórnendamenntun og þess háttar. Það er auðvitað virðingarvert að stjórnendur leitist við að auka hæfni sína en afar varhugavert ef ekki er hugað að grunninum. Fyrirtæki bera ábyrgð á því að almennir starfsmenn verði hæfari til að takast á við meiri verkefni.

Auka þarf
fagmenntun

Stjórnendur fyrirtækja þurfa að vera vakandi fyrir því að nauðsynlegt er að starfsmenn miðli upplýsingum innan fyrirtækis á þann hátt að enginn sé ómissandi. Á miklum uppgangstímum lenda fyrirtæki oft en ekki í þeirri stöðu að missa svokallaða lykilstarfsmenn. Þá er hætta á að þeir taki með sér út úr fyrirtækinu þekkingu sem fyrirtækið hefði getað verið búið að tryggja sér án mikillar fyrirhafnar. Reglulegt og gagnsætt upplýsingaflæði milli starfsmanna getur vel komið í veg fyrir aðstæður sem þessar.

2.4 Samfélagsleg ábyrgð

Stundum kemur upp í umræðunni sú krafa á fyrirtæki á þau sýni nokkuð það sem kallað hefur verið „samfélagsleg ábyrgð“. Virðist með því vera átt við að fyrirtæki hafi einhverju öðru, og í hugum sumra, æðra hlutverki að gegna en því sem lýtur beinlínis að fyrirtækjarekstrinum sem slíkum. Hefur það jafnvel verið orðað svo að fyrirtæki hafi einhverjum skyldum að gegna við aðra en þá sem þau eru í beinu samningssambandi við.

Stjórnendur mega ekki missa sjónar á því að þeirra hlutverk er fyrst og fremst að hámarka hagnað fyrirtækisins. Það er í raun mikil ábyrgð gagnvart samfélaginu að standast þá hagnaðarkröfu. Samfélagið allt á undir því að viðskiptalífið dafni. En sumum finnst ekki nóg að gert með þeirri miklu samfélagslegu ábyrgð sem fyrirtæki taka á sig daglega, og reyndar átta sig ekki allir á því að samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja er vissulega til staðar. Ýmsar kenningar eru uppi um hvaða leiðir séu bestar að auknum hagnaði og þó lokaákvörðun um slíkt sé auðvitað á ábyrgð eigenda þá spila í reynd stjórnendur þar stórt hlutverk. Því er þá oft haldið að stjórnendum að ein leiðin að þessu marki sé að axla samfélagslega ábyrgð með sérstökum hætti til dæmis með því að styrkja svokölluð góð málefni. Vissulega getur það verið fyrirtækjum til hagsbóta að taka þannig þátt í samfélagslegum verkefnum. Hins vegar má slíkt ekki vera gert með óábyrgum hætti eða þannig að líti út fyrir að stjórnendur séu að styrkja eigin gæluverkefni.

Atvinnulífið
axlar nú þegar
samfélags-
lega ábyrgð

Virk samfélagsleg ábyrgð getur verið afar gott tæki til að hámarka hagnað fyrirtækja. Þó er alltaf hætta á að þetta tæki orki tvímælis sé það notað með þeim hætti að eftir standi aðeins

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

skammvinnur auglýsingaágóði. Siðferði í viðskiptalífinu má ekki bíða hnekki vegna þessa.

Af og til heyrir það að æskilegt væri að starfsmenn tækju sæti í stjórnnum fyrirtækja. Hefur verið reynt að afla fylgis við þessa skoðun með því að kalla slíkt fyrirkomulag atvinnulýðræði. Hefur jafnvel á Alþingi margoft verið lagt fram lagafrumvarp þess efnis að starfsmenn fengju slíkan óskoraðan rétt. Verslunarráð er hefur jafnan varað við slíkri reglusetningu. Ekki þó hugmyndinni sem slíkri, að starfsmenn eigi sæti í stjórnnum fyrirtækja, það hlýtur að vera matsatriði og fara eftir atvikum, heldur hinu að lög beinlínis kveði á um þann rétt starfsmanna. Það yrði til þess eins að grafa undan réttmætum eignarrétti eigenda fyrirtækja og því ekki til velfarnaðar fallið. Verslunarráð hefur hins vegar bent á í þessari umræðu að ekkert er því til fyrirstöðu að eigendur fyrirtækja skipi fyrir sína hönd starfsmenn fyrirtækja sinna til setu í stjórn. Lagasetningu þarf ekki til þess. Það getur vel verið að heppilegt sé að upplýsingaflæði frá stjórn til starfsmanna sé sem greiðast. Að minnsta kosti í mörgum þeim tilfellum þegar upplýsingar beinlínis varða starfsmenn. Viðkvæmari upplýsingar um rekstur fyrirtækis gætu líka í einhverjum mæli þurft að ná til starfsmanna, ef hægt er að tryggja að samkeppnisstöðu fyrirtækis verði ekki ógnað með slíku upplýsingaflæði.

Annars tengist umræða um samfélagslega ábyrgð mjög umræðu um almennt viðskiptasiðferði. Auðvitað má halda því fram að viðskiptasiðferði sé sjálfkrafa til skoðunar þegar öll helstu mál viðskiptalífisins eru til umræðu. Það haldast óhjákvæmilega í hendur viðskiptahagsmunir fyrirtækja og viðskiptasiðferði. Reynslan hefur nefnilega sýnt að mönnum fatast fljótt flugið í viðskiptum ef ekki er gætt að almennum velsæmismörkum í siðferðilegum skilningi. Umræða um verðbréfamarkaðinn og sú vinna sem Verslunarráð hefur lagt í samráð um mótun reglna á verðbréfamarkaði hefur tvímælalaust falið í sér umræðu um viðskiptasiðferði. Mikill áhugi hefur hins vegar verið á því innan Verslunarráðs að auka umræðu og skilning manna á mikilvægi ítarlegrar kröfu um gott viðskiptasiðferði. Auðvitað liggur beinast við að viðskiptalífið sjálft hafi frumkvæðið að slíkri umræðu og er Verslunarráð kjörinn vettvangur fyrir það. Fyrirhugað er að stofnaður verði fastur starfshópur vegna þessa.

Fulltrúi
starfsmanna
í stjórn

3 HAGRÆÐING OG LÖGGJÖF UM VIÐSKIPTI OG ATVINNULÍF

3.1 Inngangur

Í fljótu bragði mætti ætla að löggjöf um viðskipti og atvinnulíf kæmu lítið sem ekkert við sögu þegar hagræðingarferli fer í gang hjá fyrirtækjum. Hagræðing í atvinnulífinu væri óháð löggjafarvaldinu og öðrum reglusetjum. En því fer þó fjarri að fyrirtæki geti óhikað gengið til verks í hagræðingu án þess að eiga á hættu að mæta laga- og regluverki sem hindri að einhverju leyti æskilega hagræðingu. Því miður er það svo að ýmislegt í löggjöfinni hamlar hagræðingu í atvinnulífinu, og í ýmsum tilfellum er með lögum beinlínis komið í veg fyrir möguleika til hagræðingar. Það er þó ekki þar með sagt að ætlun löggjafans sé í öllum þeim tilvikum að hefta hagræðingu sem slíka heldur er gjarnan um nokkurn misskilning að ræða við lagasetningu á ákveðnum sviðum. Hins vegar er nú svo komið að þörf er á að endurskoða ýmsa lagabálka ef hagræðing í atvinnulífinu á að ná fram að ganga með þeim hætti sem menn meta að skili mestum árangri.

Hamlandi
löggjöf

3.2 Skattamál

Verslunarráð Íslands hefur lengi barist fyrir umbótum í skattkerfinu og er málaflokkurinn eitt af þeim meginsviðum sem ráðið vinnur í allt árið um kring. Mikið hefur áunnist síðustu ár í þeirri baráttu og munar þar mestu um þær skattalækkanir sem boðaðar voru í lok síðasta árs. Nú strax er þessara nýlegu umbóta farið að sjá stað með því að íslensk fyrirtæki horfa til þess að geta flutt rekstur sinn til landsins. Auðvitað er mikil hagræðing fólgin í því að hafa rekstur fyrirtækis sem næst stjórnstöð þess. Þess vegna er það ánægjulegt að íslensk fyrirtæki sjá tækifæri til hagræðingar með því að flytja starfsemi sína heim.

Skattar hafa
áhrif

Þegar kemur að hagræðingu eru skattamál því vissulega til athugunar. Við ákvörðun á félagsformi fyrirtækja, við ákvörðun á fjölda starfsmanna og við ákvörðun á staðsetningu fyrirtækja skipta skattar öllu máli.

Um skattamál almennt er fjallað á öðrum stað í þessari skýrslu.

3.3 Vinnulöggjöf

Það kemur sífellt betur í ljós hversu óþroskaður að mörgu leyti vinnumarkaðurinn er á Íslandi. Þrátt fyrir nýlegar umbætur í

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

skattamálum atvinnulífsins og tiltölulega mun hagstæðara skattaumhverfi að ýmsu leyti en gefst í mörgum nágrannalöndum okkar, hafa íslensk fyrirtæki með rekstur erlendis nokkurn vara á sér við því að flytja starfsemi sína heim og erlend fyrirtæki við því að koma til landsins. Það er nefnilega óhjákvæmilegt að líta einnig til ástandsins á vinnumarkaði. Og fyrirtæki gera það ekki bara þegar þau íhuga að vera með starfsemi hér á landi heldur einnig þegar ákvörðun er tekin um viðskipti við íslensk fyrirtæki.

Átök á vinnumarkaði eru viðvarandi hér á landi. Það eru verkföllin sem gera íslenska vinnumarkaðinn óstöðugan og óárennilegan fyrir atvinnurekanda sem á ýmsa kosti þegar kemur að staðsetningu rekstrar. Í skjóli afar víðtækrar skylduaðildar að verkalýðsfélögum hafa verkföll mikil áhrif á efnahagslífið í heild. Þátttaka í stéttarfélögum fer þó minnkandi. Ennþá er hún hins vegar mikil, í skjóli forgangsréttarákvæða, rúm 83%, í samanburði við Bandaríkin þar sem stéttarfélög koma fram fyrir einungis 16% vinnuafslisins.

Frelsi þarf til hagræðingar

Starfsemi verkalýðsfélaga hér á landi er nú smám saman að breytast í samræmi við kröfur launafólks og er meiri áhersla lögð á þjónustu við félagsmenn en áður. Stéttarfélagsvitund almennings fer þverrandi og launafólk gerir kröfur til þess að semja sjálft um kaup sitt og kjör. Það er nauðsynlegt fyrir atvinnulífið að mönnum sé ekki varnaður vegurinn í þeim efnum.

Það er alveg ljóst að óstöðugleiki á vinnumarkaði hefur mikinn fælingarmátt gagnvart fjárfestum. Menn hafa lýst yfir áhyggjum vegna óróleika á vinnumarkaði og þó að skattalækkarnir vegi þungt við staðsetningu fyrirtækja þá hefur vinnumarkaðurinn í heild það miklu hlutverki að gegna að jafnvel verulegar skattalækkarnir draga tæplega úr þeim neikvæðu áhrifum sem bággt ástand á þeim vettvangi getur haft. Bjartsýnir menn láta þó ekki deigan síga en hafa látið í ljós áhyggjur út af þessu atriði. Miklar vonir eru bundnar við það að málefnum vinnumarkaðarins verði þannig komið í náninni framtíð að vinnudeilum fækki svo um muni.

Virkja þarf kosti íslensks vinnu-
markaðar

Ekki má þó gera lítið úr því að íslenskur vinnumarkaður hefur mikla kosti umfram erlendan vinnumarkað, sérstaklega þann evrópska. Hér á landi er til að mynda mun meiri sveigjanleiki en víða annars staðar. Löggjöf á sviði vinnuréttar er afar skýr enda hefur skapast afdráttarlaus áratuga hefð jafnhliða settum lögum og reglum. Þetta er mikill kostur. Á Íslandi ríkir líka nokkur annar hugsunarháttur almennt í garð vinnunnar. Mörg hlutastörf á hendi hvers og eins þykir ekkert tiltökumál og síðast en ekki síst hefur atvinnuleysi verið hverfandi hér á landi. Þessa þætti þarf íslenskt atvinnulíf að nýta sér til framdráttar í erlendri samkeppni og Ísland til þess að laða til landsins ný atvinnutækifæri.

3.4 Samkeppnismál

Það er ekki ofmælt að segja að hugmyndir ýmissa manna um samkeppni hafa verið þrándur í Götu hagræðingar í atvinnulífinu síðustu ár. Samkeppnisyfirvöld hafa í skjóli samkeppnislöggjafar gripið inn í öll helstu hagræðingarform sem uppi hafa verið. Í flestum tilfellum með þeim afleiðingum að væntingar til hagræðingar hafa að engu orðið. Þannig varð ekkert af einni mestu hagræðingu síðustu ára sem til stóð með sameiningu Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka. Álit sem samkeppnisyfirvöld gáfu fyrirfram á sameiningunni hefur þó fallið í grýttan farveg hjá flestum öðrum sem um málið hafa fjallað út frá fræðilegum forsendum en formsskilyrði skorti til að bera málið undir dómsstóla. Þótt ekki hafi verið um formlegan úrskurð að ræða í það skiptið þá gaf þessi umsögn samkeppnisyfirvalda til kynna afstöðu þeirra til helstu hagræðingarmöguleika sem íslensk fyrirtæki eiga í dag. Síðan hafa nokkur sameiningaráform runnið út í sandinn vegna bindandi ákvarðana Samkeppnisráðs.

Íhlutun hins opinbera í hagræðingu

Samkeppnislöggjöfin frá 1993 tók miklum breytingum árið 2000. Breytingarnar miðuðu aðallega að því að auka valdheimildir samkeppnisyfirvalda, sérstaklega í samrunamálum. Þessar breytingar voru ekki í anda hugmynda Verslunarráðs sem hafði einmitt varað við þessari þróun og lagt til að breytingar yrðu gerðar í aðra átt, þ.e. að skýra betur og takmarka valdheimildir yfirvalda í t.d. samrunamálum. Reynslan af þessum breytingum hefur nú á einu ári sýnt að greinilegt er að samkeppnisyfirvöld munu ekki láta það átölulaust að íslensk fyrirtæki hagræði í rekstri sínum með þeim hætti sem þau sjálf hafa metið að best fari. Verslunarráð geldur mikinn varhug við þessari þróun. Það stefnir í óefni ef fyrirtæki eiga það undir opinberum stofnunum hvort af sameiningu þeirra verði. Í þessu sambandi má jafnvel hafa í huga markmið samkeppnislaga en svo sem lesa má út úr 1. gr. laganna er *hagkvæm nýting framleiðsluþátta þjófélagsins* markmið sem stefnt er að. Nú þarf enginn að velkjast í vafa um að sameining fyrirtækja þjónar þeim tilgangi að auka hagkvæmni í rekstri. Að efast um það er tilefnislaust. Þegar hins vegar samkeppnisyfirvöld efast um hagræðingarpátt samruna verða fyrirtæki varnarlaus gagnvart heimildum samkeppnisyfirvalda til inngripa. Þess sér nú æ oftast stað í úrskurðum Samkeppnisráðs að efast er um þá hagræðingu sem samruna er ætlað að hafa í för með sér. Ljóst er að ef fyrirtæki eiga að þurfa að réttlæta útreikninga sína og hugmyndir um rekstur sinn fyrir öðrum en eigendum sínum þá fækkar hagræðingartækifærum verulega því það er ekki við því að búast að starfsmenn opinberrar stofnunar hafi meiri skilning á rekstri einstakra atvinnugreina en þeir sem standa sjálfir að honum. Það er ekki þar með sagt að allar samrunahugmyndir feli í sér hagræðingu. Sjálfsagt hefði verið betur heima setið en af stað farið í margar þær sameiningar sem kynntar hafa verið til

Völd hins opinbera aukast sífellt

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

sögunnar. Enda er raunin sú að upp úr mörgum þeirra raknar þegar fram líður. Það er hins vegar fyrirtækjanna sjálfra að taka þá áhættu og meta kosti sameiningar sem lið í hagræðingu.

Hagræðing er á ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra

Samkeppnisyfirvöld hafa gerst aðgangsharðari síðustu ár og jafnvel beitt fyrir sig heimildum í samkeppnislögum um húsleit hjá fyrirtækjum. Afskiptum þeirra af samrunamálum eru þau beinu takmörk ein sett sem 18. gr. samkeppnislaga tiltekur, þ.e. að heildarvelta samrunafyrirtækja sé ekki undir einum milljarði króna. Og þó taka skuli tillit til markaðar á erlendri grundu og þeirrar samkeppni sem hann veitir hinum íslenska er samkeppnisyfirvöldum sjálfum látið eftir að meta hvort fyrir hendi sé slík erlend samkeppni. Íslensk fyrirtæki í harðri samkeppni við erlend fyrirtæki hafa því þurft að sæta afskiptum samkeppnisfirvalda og samruni þeirra jafnvel bannaður með þeim rökum einum að samkeppni yrði ógnað.

Kostnaður atvinnulífsins af málefna- rekstri mikill

Samkeppnisyfirvöld eru farin að leika sífellt stærra hlutverk í íslensku atvinnulífi. Ómældum fjármunum fyrirtækja hefur verið varið í málsmeðferð fyrir samkeppnisyfirvöldum og er málskostnaður þar síst minni en í dómsmálum. Fyrirtæki sem alla jafnan eiga ekkert erindi fyrir dómstólum þurfa nú í síauknum mæli að svara til “sakar” hjá Samkeppnisstofnun, sum hver margendurtekið. Ekki er eingöngu um að ræða málsvörn gegn ásökunum samkeppnisfirvalda, eða samkeppnisaðila í atvinnugreininni, heldur þurfa fyrirtæki einnig að verja tíma og fjármunum í að svara aðgerðum samkeppnisfirvalda í til dæmis umfjöllunum um auglýsingar fyrirtækja og verðlagsmálum en Samkeppnisstofnun heldur úti starfsemi í samkeppni við einkaaðila í verðkönnunum.

Eftir allan þann málarekstur sem kostað hefur verið til stendur það eftir að menn greinir augljóslega á í verulegum atriðum um þýðingu samkeppnishugtaksins. Það leiðir hugann að grundvallarspurningu í þessum málum sem samkeppnisyfirvöld hafa í raun ekki svarað; *hvernig er þessi samkeppni sem menn vilja standa vörð um?*

Þó samkeppni hafi verið mjög til umfjöllunar undanfarið og allir virðast hafa ákveðnar skoðanir á því hvort samkeppni ríki á tilteknum sviðum atvinnulífsins eða ekki hefur samkeppnishugtakið sjálft ekki verið jafnmikið til umræðu. Með örfáum undantekningum hefur málflutningur manna verið á þá leið að samkeppni sé ekki næg á tilteknum sviðum. Einu rökin sem færð eru fyrir þessum fullyrðingum eru þau að fá fyrirtæki starfi á markaðinum. Fákeppni er hugtak sem mikið er haldið á lofti. Menn eru fljótir að álykta sem svo að ef fá fyrirtæki eru í tiltekinni grein þá sé það vegna skorts á samkeppni. Og öfugt; að samkeppni skorti vegna lítils fjölda fyrirtækja í greininni. Þó hefur enginn gefið svar við því hvenær fákeppninni sleppir, þ.e. hver sé lágmarksfjöldi fyrirtækja til að ekki sé um að ræða samkeppnisskort. Það kemur ekki á óvart því það er auðvitað

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

engin skortur á samkeppni þótt fáir keppi. Jafnvel ekki þótt aðeins einn sé ráðandi á markaðinum. Svo lengi sem aðgangur að markaðinum er öllum opin og friðs þá ríkir samkeppni. Þeir hinir markaðsráðandi eiga alltaf á hættu að missa stöðu sína ef aðgangur að markaðinum er ekki hindraður.

Fákeppni
leiðir til skorts
á samkeppni

Í ljósi þessa telur Verslunarráð varhugaverðan þann skilning stjórnvalda á samkeppni sem uppi hefur verið. Í þeim efnum er einkar ámælisvert hvernig stjórnvöld, á ýmsum stigum, hafa leyft sér að telja tilteknar atvinnugreinar ábyrgar fyrir því að samkeppni á þeirra sviði sé minni en menn telja æskilega. Í raun má segja að um einhvers konar aðför hins opinbera að tilteknum atvinnugreinum hafi verið að ræða um nokkurn tíma. Órökstuddar ásakanir um óheiðarleika í viðskiptum skjóta upp kollinum öðru hverju, jafnvel frá æðstu stjórnvöldum sem virðast ekki hika við að hóta beinum aðgerðum gegn tilteknum fyrirtækjum. Allt er þetta sagt og gert vegna þeirra ranghugmynda sem menn eru haldnir um eðli samkeppninnar.

Samkeppnin er í eðli sínu ferli en ekki stöðugt ástand eins og mörgum finnst þægilegt að halda. Eina leiðin til að draga úr samkeppni er með atbeina hins opinbera. Aðgangshindranir að markaðinum, t.d. tollar og kvótar, eru algengasta samkeppnishindunin í dag. Önnur samkeppnisletjandi aðgerð af hálfu hins opinbera er ríkisrekstur. Hann fer nú minnkandi með árunum en því má þó ekki gleyma að áhrifa ríkisreksturs getur gætt í nokkurn tíma eftir lok hans. Í skjóli ótakmarkaðs fjármagns getur hið opinbera nefnilega búið til markað á ákveðnu sviði sem ekki er í nokkru samræmi við raunverulega þörf eða væntingar neytenda. Ríkið villir þannig um á markaðinum. Sú er raunin þegar ríkið fer út í rekstur sem kallar á afar kostnaðarsamar lausnir, til dæmis tæknilausnir. Slíkur rekstur er hugsanlega ekki hagkvæmur en svarið við því fæst aldrei ef leitað er svara eingöngu hjá hinu opinbera. Ríkið leitar nefnilega aldrei sérstaklega eftir hagkvæmustu lausnunum. Það gera hins vegar einkaaðilar óhjákvæmilega. Eftir einkavæðingu tekur því við tími hagræðingar sem einkaaðilar eru ábyrgir fyrir. Slík hagræðing getur tekið nokkurn tíma en menn geta verið alveg vissir um að það verður hagræðing.

Hið opinbera
er eina upp-
spretta
samkeppnis-
skorts

Í ljósi túlkunar samkeppnisyfirvalda á valdheimildum sínum og aðgerða þeirra, hlýtur að koma til athugunar hvort ekki sé þörf á að endurskoða núgildandi samkeppnislög. Í þeim efnum er Ísland ekki skuldbundið af öðru en því sem lýtur að grófum tilmælum samningsins um EES. Ísland, eins og aðrar þjóðir innan EES, hlýtur að sníða sér stakk eftir vexti hvað þessa löggjöf varðar eins og aðra. Núgildandi löggjöf ber merki um annað.

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

4 SKATTAMÁL OG HAGRÆÐING

4.1 Almennt

Skattlagning fyrirtækja og starfsmanna og uppbygging skattkerfisins er meðal þeirra atriða, sem mikilvægust eru þegar horft er til þess hvernig stuðla má að aukinni hagræðingu og betri árangri í íslensku atvinnulífi. Umtalsverð framfaraspor hafa verið stigin í þessum efnum á síðustu árum, ekki síst með lækkun tekju- og eignarskatta fyrirtækja í lok síðasta árs, en ljóst er að halda verður áfram á sömu braut til að bæta samkeppnisstöðu atvinnulífsins. Meðal annars þarf að huga að ýmsum tæknilegum úrbótum á skattalöggjöfinni með það fyrir augum að auðvelda íslenskum fyrirtækjum starfsemi í alþjóðlegu umhverfi og greiða leið fjármagns til og frá landinu.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að hafa í huga, að á alþjóðavettvangi hafa á undanförunum árum átt sér stað verulegar breytingar, sem knýja á um að skattalegt umhverfi hér á landi sé samkeppnishæft við það besta, sem þekktist í helstu viðskipta- og samkeppnislöndum. Aukið frelsi í alþjóðaviðskiptum, auðveldari flutningur fjármagns og atvinnustarfsemi milli landa og aukinn hreyfanleiki vinnuafnsins, leiðir til þess að ríki, sem dragast aftur úr eiga stöðugt á hættu að rekstur og atvinnutækifæri flytjist úr landi og innlendir rekstraraðilar standi höllum fæti í samanburði við erlenda keppinauta. Stjórnvöld í sífellt fleiri ríkjum bregðast við þessu með því að lækka skatta og treysta þannig samkeppnisstöðu fyrirtækja sinna. Skattaleg samkeppni er staðreynd, sem íslensk stjórnvöld verða stöðugt að fylgjast með og bregðast við með aðlögun og umbótum á skattkerfinu. Raunar má segja að árangur á þessu sviði sé mikilvægari hér á landi en víða í nágrannalöndunum, enda býr íslenskt atvinnulíf að sumu leyti við erfiðari aðstæður vegna annarra þátta eins og smæðar heimamarkaðarins, fjarlægðar frá erlendum mörkuðum, flutningskostnaðar o.fl.

Hér á eftir verður vikið að nokkrum viðfangsefnum, sem Verslunarráð telur sérlega mikilvæg í þessu sambandi.

Um þennan hluta skýrslunnar sá Birgir Ármannsson og er byggt á niðurstöðum skattahóps ráðsins frá liðnu hausti.

Skattaleg
samkeppni er
staðreynd

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

4.2 Tekjuskattshlutfallið skiptir máli

Skömmu fyrir jólf samþykkti Alþingi breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt, sem meðal annars fela í sér að tekjuskattur hlutafélaga, einkahlutafélaga, samvinnufélaga og samlagshlutafélaga lækkar úr 30% í 18% við álagningu árið 2003 vegna tekna ársins 2002. Samhliða var tekjuskattur sameignarfélaganna og samlagsfélaganna lækkaður úr 38% í 26%. Með þessu voru umtalsverð skref stigin í þá átt, að bæta skattalega samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs í samanburði við önnur lönd. 18% hlutfallið, sem á við um stærstan hluta fyrirtækja í landinu, er umtalsvert lægra en gengur og gerist í löndunum í kringum okkur, og segja má að Írland sé eina samkeppnislandið sem býður upp á hagstæðari kjör varðandi almennt skattshlutfall, en sem kunnugt er stefna Írsk stjórnvöld að því að almennur tekjuskattur lögaðila verði 12,5% í ársbyrjun 2003. Samanburður af þessu tagi segir auðvitað ekki alla söguna um raunverulega skattbyrði fyrirtækja, enda skipta þar einnig verulegu máli ýmsir aðrir þættir, frádráttarliðir, fyrningarheimildir og fleira. Má raunar segja, að tekjuskattshlutfallið þurfi nauðsynlega að vera lægra hér á landi en í helstu samkeppnislöndum, þar sem skattstofninn hér á landi er breiðari en víðast hvar annars staðar í kjölfar þess að margvíslegar frádráttarheimildir hafa verið afnumdar á undanförunum árum. Lækkunin á skattshlutfallinu nú felur hins vegar í sér skýra stefnumörkun af hálfu ríkisstjórnar og Alþingis um að búa atvinnulífinu hagstætt starfsumhverfi í skattalegu tilliti.

Umtalsverð
skref stigin

Helstu rök þeirra, sem staðið hafa gegn lækkun tekjuskatta á fyrirtæki, eru jafnan þau, að þar með fái minni tekjur til að standa undir samneyslunni í landinu. Á þeirri röksemdafærslu eru ýmsir veikleikar. Má í því sambandi benda á, að skattalækkunir eru almennt til þess fallnar að bæta afkomu fyrirtækjanna í landinu, sem stækkar þann stofn sem skattgreiðslurnar eru reiknaðar af. Árið 1991 skiluðu tekjuskattar fyrirtækja um það bil 5 milljörðum króna í ríkissjóð en árið 2000 var sú tala komin upp í um 10 milljarða króna, hvort tveggja reiknað á verðlagi ársins 2000. Á þessu tímabili hafði skattshlutfallið hins vegar verið lækkað úr 45%, fyrst niður í 33% og síðan í 30%. Hluta skýringarinnar á þessari tekjuaukningu má rekja til efnahagsuppsveiflu á síðari hluta tímabilsins en á móti má færa fyrir því sterk rök, að skattalækkunin hafi einmitt átt þátt í bættari afkomu fyrirtækjanna, sem síðan skilaði auknum skattgreiðslum til ríkissjóðs. Reynslan gefur því ekki endilega til kynna, að lækkun skattshlutfalls í tekjuskatti fyrirtækja niður í 18% muni leiða til minni tekna ríkissjóðs þegar til lengri tíma er litið, þótt búast megi við að nokkur lækkun komi fram fyrst í stað.

Bætt afkoma

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

Áhugi
erlendra
fjárfesta

Þá má einnig benda á, að lágir skattar eru almennt til þess fallnir að auka áhuga erlendra aðila á að fjárfesta hér á landi um leið og dregið er úr hvatanum fyrir innlenda aðila til að færa starfsemi sína til annarra landa. Viðbrögð forráðamanna íslenskra fyrirtækja við lækkun tekjuskattsins nú renna stoðum undir þetta sjónarmið, auk þess sem ljóst er að breytingarnar hafa vakið athygli erlendra aðila, sem áhuga hafa á fjárfestingum hér. Báðir þessir þættir skipta verulegu máli þegar horft er til þess hvernig styrkja má tekjugrundvöll ríkissjóðs.

4.3 Skref í átt til afnáms eignarskatts

Eignaskattur
hamlar
samkeppni

Á undanförunum árum hefur Verslunarráð margoft bent á, að álagning eignarskatta á fyrirtæki hér á landi væri samkeppnishamlandi fyrir íslenskt atvinnulíf. Bent hefur verið á að skattlagning af þessu tagi væri horfin í flestum vestrænum ríkjum, enda byggðist hún á úreltum sjónarmiðum í skattlagningu. Þá hefur komið fram að eignarskattar ættu þátt í að fæla erlenda aðila frá fjárfestingu hér á landi og ættu þátt í því að fjármagn í eigu íslenskra aðila hefur fluttst úr landi á undanförunum árum. Loks hefur verið vakin athygli á því, að eignarskattar letji almennt til fjárfestingar en hvetji til eyðslu, og séu þannig á margan hátt óæskilegir fyrir þróun í átt til aukinnar framleiðni og hagkvæmni í atvinnulífinu.

Breytingarnar á lögum um tekju- og eignarskatt, sem samþykktar voru í desember sl., sýna að ríkisstjórn og Alþingi hafa fallist á þessi sjónarmið. Eignarskattur lögaðila var þá lækkaður um helming, úr 1,2% í 0,6%, og sérstakur eignarskattur afnuminn. Verslunarráð fagnar þessum breytingum en bendir á mikilvægi þess að ganga lengra og afnema eignarskatta fyrirtækja, enda er það nauðsynlegt til að samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs gagnvart erlendum keppinautum verði jöfnuð að þessu leyti. Yfirlýsingar ráðamanna gefa til kynna vilja í þessa átt, en mikilvægt er að ekki verði hikað við að stíga skrefið til fulls á næstu misserum.

4.4 Afnáam verðbólgu-reikningsskila - samhliða aðgerðir nauðsynlegar

Samhliða lækkun á tekjuskatti fyrirtækja var gerð sú breyting á lögum um tekju- og eignarskatt í desember sl., að heimild rekstraraðila til verðlagsleiðréttinga í skattskilum og reikningsskilum er afnumin. Þetta kemur til framkvæmda á þessu ári varðandi skattskilin en til þess að auðvelda fyrirtækjum aðlögun var samþykkt að veita fyrirtækjum heimild til að viðhalda verðbólguleiðréttingum í reikningsskilum vegna árána 2002 og 2003.

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

Þessar breytingar hafa margvísleg áhrif á skattlagningu fyrirtækja og koma misjafnlega við afkomu þeirra. Ætla má að til lengri tíma muni þær að óbreyttu leiða til aukinna tekna ríkissjóðs enda munu fyrningargrunnar rýrna og skattskyldur söluhagnaður aukast vegna verðbólgu komi ekki til annarra breytinga sem vega þar á móti.

Margvísleg
áhrif

Helstu rökin fyrir afnámi verðbólgu-reikningsskila voru þau, að hér væri um að ræða séríslenskt fyrirbæri sem ætti sér enga hliðstæðu í viðskiptalöndum okkar. Þessi regla gerði því samanburð milli íslenskra og erlendra reikningsskila erfiðari og hefði þau áhrif að erlendir viðskiptaaðilar og fjárfestar ættu bággt með að átta sig á skattareglum hér á landi og reikningsskilum íslenskra fyrirtækja. Afnámið væri því mikilvægur liður í alþjóðavæðingu atvinnulífsins.

Verslunarráð hefur margsinnis vakið athygli á þessum sjónarmiðum, en jafnframt bent á að til þess að draga úr aukinni skattbyrði fyrirtækja vegna breytinga af þessu tagi væri mikilvægt að gera samhliða ýmsar aðrar breytingar. Þar mætti nefna hækkun afskriftarhlutfalla, heimildir til að yfirfæra tap í báðar áttir (bæði carry-forward og carry-back) og að heimilt væri að endurmeta stofnverð eigna með verðbreytingastuðli. Með skattalagabreytingunni í vetur voru verðbólgu-reikningsskilin afnumin án þess að farið væri út í breytingar af þessu tagi og telur Verslunarráð mikilvægt að nú verði ráðist í þá vinnu að útfæra samhliða aðgerðir af þessu tagi, svo atvinnulífið verði ekki fyrir aukinni skattheimtu þegar á heildina er litið.

Aðrar
breytingar
nauðsynlegar

4.5 Einstaklingsrekstur í einkahlutafélagaform

Meðal annarra breytinga, sem gengu í gegn á lögum um tekju- og eignarskatt í vetur, er að heimilt er að færa eigur einstaklinga í atvinnurekstri yfir í einkahlutafélagaform án þess að sú formbreyting hafi í för með sér skattskyldar tekjur fyrir eigandann eða félagið sjálft. Með þessu er einstaklingum, sem haft hafa með höndum atvinnurekstur í eigin nafni, gert mögulegt að breyta um rekstrarform án þess að til skattlagningar reiknaðs söluhagnaðar komi.

Breytt form án
skatta

Hér er um að ræða breytingu, sem Verslunarráð hefur talið mikilvæga. Um einkahlutafélög gilda skýrar, alkunnar reglur, svo sem um stofnun, umsjón og rekstur, auk hinnar takmörkuðu ábyrgðar sem á eigendum hvílir. Þá eru gerðar ríkari kröfur um stjórnun slíkra félaga, hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, sem og um fjárhagsleg tengsl eigenda við reksturinn. Hefur almennt verið álitnið að ávinningur væri að því að rekstraraðilar nýttu sér þetta form fremur en einstaklingsreksturinn, enda leiddi það til þess að leikreglur væru skýrari og reksturinn skilvirkari. Þá hefur verið bent á þá ósanngirni sem fælist í sérstakri skattheimtu vegna þessarar

breytingar á rekstrarformi enda væri í raun ekki um neina yfirfærslu verðmæta milli aðila ræða. Í ljósi þessa fagnar Verslunarráð lagabreytingunni og telur að með henni sé rutt úr vegi skattalegri hindrun gagnvart eðlilegri aðgerð aðila í atvinnurekstri, sem vilja færa rekstur sinn yfir í skilvirkara og hentugra félagiform. Telur ráðið að breytingin sé ótvírætt til þess fallin að stuðla að hagræðingu í atvinnulífinu.

4.6 Tryggingagjald

Hluti
hækkunar
tekinn til baka

Til þess að vega upp á móti lækkuðum skatttekjum ríkissjóðs vegna lækkunar hlutfalla í tekju- og eignarskatti samþykkti Alþingi hækkun á tryggingagjaldi úr 5,23% í 6% af greiddum launum. Gerðu lögin ráð fyrir að hækkunin kæmi til framkvæmda um næstu áramót en síðar hefur komið fram yfirlýsing af hálfu ríkisstjórnarinnar um að gangi verðlagsmarkmið kjarasamninga eftir muni hún beita sér fyrir lækkun gjaldsins úr 6% í 5,73% á árinu.

Verslunarráð lýsti efasemdum sínum um þessa hækkun þegar frumvarpið var til umfjöllunar á Alþingi. Var vakin athygli á því að þessi hækkun gæti leitt til verulegs útgjaldaauka fyrir alla atvinnustarfsemi í landinu, óháð afkomu, og kæmi ekki síst niður á rekstri þar sem hlutfall launakostnaðar væri hátt. Á hinn bóginn kom einnig fram sú afstaða ráðsins, að ef valið stæði milli þess að skattleggja vinnuafli annars vegar og fjármagn og hagnað hins vegar, þá væri þjóðhagslega hagkvæmara að skattleggja vinnuaflið, enda væri sú leið fremur til þess fallin að stuðla að hagræðingu og aukinni framleiðni í atvinnulífinu.

4.7 Stimpilgjöld

Veikir
samkeppnis-
stöðu

Verslunarráð hefur lengi gagnrýnt álagningu stimpilgjalda hér á landi og vakið athygli á að þau mismunuðu aðilum innanlands og veiktu samkeppnisstöðu fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum. Bent hefur verið á, að þessi tegund skattheimtu væri á hröðu undanhaldi í ríkjum OECD og fælu í sér beina samkeppnishindrun, bæði fyrir íslensk fjármálafyrirtæki og útgefendur verðbréfa.

Í almennum athugasemdum með frumvarpi til laga um tekju- og eignarskatt, sem samþykkt var á Alþingi í desember, kom fram að ríkisstjórnin stefndi að því að beita sér fyrir lækkun stimpilgjalda frá 1. janúar árið 2003 og mætti ætla að sú lækkun hefði í för með sér tekjutap ríkissjóðs um 900 milljónir króna. Breyting af þessu tagi væri verulegt skref í rétta átt að mati Verslunarráðs og hvetur það stjórnvöld til að fylgja þessum áformum eftir, með það að markmiði að afnema stimpilgjöldin í áföngum.

4.8 Alþjóðavæðing skattkerfisins

Auk þeirra þátta, sem vikið er að hér að framan, telur Verslunarráð mikilvægt að á næstunni verði hugað að ýmsum frekari breytingum til að styrkja stöðu Íslands í alþjóðlegri skattasamkeppni og bæta stöðu fyrirtækja í alþjóðlegum rekstri. Hér er um að ræða sjónarmið, sem ráðið hefur komið á framfæri við stjórnvöld og Alþingi, en ekki hafa enn náð fram að ganga.

Styrkir Ísland í samkeppni

Skatthlutfall erlendra aðila, sem héðan njóta launa, fá greiðslur fyrir þjónustu eða starfsemi sem innt er af hendi hér á landi, sem og erlendra lögaðila, sem hafa tekjur af íslenskum hlutabréfum, hefur nú verið lækkað úr 20% í 15%. Verslunarráð hefur vakið athygli á að þessi skattheimta hafi verið þrándur í Götu erlendra fjárfestinga hér á landi enda leiðir hún meðal annars til þess að sérstakur viðbótarskattur leggst á arð og söluhagnað erlendra aðila af íslenskum hlutabréfum, til viðbótar þeim tekjuskatti sem félagið sem fjárfest er í greiðir. Breyting á lögnum, sem fæli í sér afnám þessa 15% skatts á söluhagnað erlendra aðila, væri ótvírætt til þess fallin að laða erlenda fjárfesta hingað til lands.

Við meðferð skattalagafrumvarpsins á Alþingi var ekki fallist á þau sjónarmið Verslunarráðs og ýmissa hagsmunaaðila, að æskilegt væri að erlendir aðilar gætu tekið hér þátt í stofnun samlagshlutafélaga, með þeim réttaráhrifum að úttekt eigenda með fulla og ótakmarkaða ábyrgð yrði meðhöndluð á sama hátt og úttekt slíkra eigenda úr sameignarfélagi eða samlagsfélagi af höfuðstól, sem þegar hefur verið skattlagður í félaginu. Þess í stað er nú gert ráð fyrir að úttektir allra eigenda í samlagshlutafélagi verði skattlagðar sem mótttekinn arður. Verslunarráð hvetur eindregið til þess að þetta atriði verði tekið til endurskoðunar, enda hefur komið fram mikill áhugi hjá öflugum erlendum aðilum á að taka þátt í samlagshlutafélögum hér á landi, og með þessu gæti opnast leið til að ná hingað til lands fjármagni, sem ella myndi leita annað.

Samlags-
hlutafélög

Verslunarráð hafði fyrir nokkrum árum frumkvæði að því að ráðist var í lagasetningu um nýtt félagsform hér á landi, alþjóðleg viðskiptafélög. Ýmsir annmarkar hafa komið fram á löggjöfinni og hefur ráðið lagt til að reglur um þau verði rýmkaðar í þeim tilgangi að gera alþjóðlegu viðskiptafélögin að álitlegri kosti fyrir innlenda og erlenda aðila. Enn hefur ekki reynst nægur áhugi hjá stjórnvöldum til að beita sér fyrir slíkum breytingum, en Verslunarráð telur mikilvægt að þær verði teknar til skoðunar með það að markmiði að ná hingað starfsemi, sem í eðli sínu er alþjóðleg, og gæti fært þjóðarþúinu talsverðar tekjur í formi skráningargjalda og greiðslu fyrir þjónustu og sérfræðiaðstoð af ýmsu tagi.

Alþjóða
viðskiptafélög

Útrás íslenskra fyrirtækja á undanförunum árum hefur beint athyglinni að vandamálum í skattalöggjöfinni, sem tengjast dvöl íslenskra starfsmanna á erlendri grund. Þetta kemur sérstaklega

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

Starfsmenn
erlendis

skýrt fram þegar starfsmenn eru sendir til lengri tíma til starfa erlendis á vegum vinnuveitanda síns, hvort sem það er vegna einstakra tímabundinna verkefna eða þegar aðalstarfsstöð viðkomandi er flutt utan. Starfsmenn verða óhjákvæmilega fyrir margvíslegum kostnaði af þessum sökum, ekki síst vegna þess að þeir þurfa iðulega að halda tvö heimili meðan þetta ástand varir. Dagpeningareglur hér á landi taka ekki tillit til aðstæðna af þessu tagi og leiðir það til þess að íslensk fyrirtæki með íslenska starfsmenn á sínum vegum, þurfa oft að taka á sig meiri kostnað en erlendir samkeppnisaðilar í tilvikum af þessu tagi. Ýmsar nágrannarþjóðir, svo sem Norðurlandþjóðirnar og Írar, hafa brugðist við þessu með sérreglum um skattlagningu starfsmanna sem dveljast langdvölum erlendis á vegum vinnuveitanda sinna og hníga sterk rök til þess að skattalögum hér á landi verði breytt í sömu átt.

Hugverka-
réttindi

Hugverkaréttindi af ýmsu tagi, höfundaréttur, einkaleyfaréttur, vörumerkjaréttur og sambærileg réttindi, skipta sífellt meira máli í viðskiptum um allan heim. Verslunarráð hefur lagt fram tillögur um að tekjuskattur erlendra aðila af slíkum réttindum, sem skráð eru hér á landi, verði felldur niður. Skráning þeirra hér á landi gæti orðið verulega ábatasöm fyrir þjóðarbúið, jafnvel þótt ekki væri greiddur af þeim tekjuskattur.

Tvísköttunar-
samningar

Að lokum má nefna, að gerð tvísköttunarsamninga við önnur ríki er sífellt að verða mikilvægari fyrir íslenskt atvinnulíf. Æ fleiri íslensk fyrirtæki eru með hluta rekstrar síns í öðrum löndum og gegna tvísköttunarsamningarnir því hlutverki að tryggja að þau lendi ekki í tvöfaldri skattlagningu. Ísland hefur í dag gert samninga við 22 ríki og á í viðræðum við nokkur önnur, en til samanburðar má geta þess að lönd á borð við Holland og Bretland hafa í gildi um 100 slíka samninga og Danir hafa um 80 samninga. Hér er því um brýnt verkefni að ræða fyrir íslensk stjórnvöld og eins að tryggja gildistöku og birtingu allra þeirra samninga, sem þegar hafa verið gerðir.

5 HAGRÆÐING Í ATVINNUREKSTRI

5.1 Almennt

Aukið frelsi í atvinnurekstri hér á landi á undanförunum árum hefur á margan hátt skapað betri skilyrði til hagræðingar og endurskipulagningar í atvinnulífinu en nokkru sinni fyrr. Minni opinber afskipti, afnám hafta af ýmsu tagi, einkavæðing og aukin samkeppni hafa leitt til þess að svigrúm fyrirtækja til að leita hagkvæmustu lausna hefur aukist og má víða sjá merki þess í íslensku atvinnulífi. Ríkið er skref fyrir skref að losa sig út úr rekstri, sem eðli málsins samkvæmt ætti að vera í höndum einkaaðila, bein afskipti stjórnvalda af rekstri einstakra atvinnugreina og jafnvel fyrirtækja hafa minnkað og landið hefur verið opnað gagnvart umheiminum í margvíslegum skilningi.

Aukið svigrúm
til hagkvæmni

Stjórnendur íslenskra fyrirtækja eiga það því minna undir stjórnvöldum á hverjum tíma og meira undir sjálfum sér, hvernig gengur í rekstrinum. Þessu fylgir mikil ábyrgð, enda er aukin hagkvæmni og verðmætasköpun í atvinnulífinu forsenda þess að lífskjör hér á landi geti haldið áfram að batna en dragist ekki aftur úr því sem gerist í löndunum í kringum okkur. Hér á eftir verður vikið að nokkrum þáttum, sem verulegu máli skipta í sambandi við viðleitni íslensks atvinnulífs til að auka hagræðingu.

5.2 Tilkoma virks fjármagnsmarkaðar

Á síðustu tíu árum hefur orðið sú grundvallarbreyting hér á landi, að kominn er á nokkuð virkur fjármagnsmarkaður. Skuldabréfamarkaður er í stöðugum vexti og orðið hefur til markaður fyrir hlutabréf, sem auðveldar fyrirtækjum að afla eigin fjár, greiðir fyrir endurskipulagningu af ýmsu tagi og veitir stjórnendum aukið aðhald. Lög um Verðbréfaþing Íslands voru sett árið 1992 og lög og reglur sem um viðskipti þar gilda hafa síðan verið í stöðugri þróun. Ýmsir byrjunarörðugleikar hafa komið fram, en jafnt og þétt hefur regluverkið verið að mótast og tekur í sífellu meira mæli mið af því sem gerist meðal þeirra þjóða, þar sem löng reynsla er fyrir starfsemi markaða af þessu tagi. Hinn lagalegi rammi, sem gildir um fjármagnsmarkaðinn, er því í meginatriðum viðunandi fyrir atvinnulífið, þótt reglurnar þurfi að sjálfsgöðu að vera í sífelldri mótun og endurskoða þurfi ýmis útfærsluatriði í ljósi reynslunnar. Þá þarf jafnframt að þróa áfram hlutverk og starfsaðferðir þeirra eftirlitsaðila, sem starfa á þessu sviði, en sú breyting hefur orðið á síðustu árum, að eftirlitið hefur á ýmsum sviðum verið að færast frá kauphöllum til Fjármálaeftirlits, sem hefur nú tekið við stjórnsýsluhlutverki á þessu sviði.

Lagarammi
viðunandi

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

Aukið traust

Nýlegar breytingar á lögum um verðbréfiðskipti og reglur settar á grundvelli þeirra, hafa fyrst og fremst haft það hlutverk að skýra reglur um útboð verðbréfa, meðferð trúnaðarupplýsinga og innherjaviðskipti. Farið var út í breytingarnar vegna þess að nauðsynlegt þótti að auka traust í verðbréfiðskiptum og draga úr hættunni á misnotkun trúnaðarupplýsinga. Í meginatriðum hafa þessar breytingar verið til bóta, en þó eru enn ýmis útfærsluatriði, sem skoða þarf betur, og má þar nefna að nauðsynlegt virðist vera að skilgreina nánar í lögum hugtakið trúnaðarupplýsingar. Þá hefur verið bent á, að umorða þurfi ákvæði í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um svokallaða regluverði í skráðum félögum, þannig að skýrara sé hvaða hlutverki þeir hafa að gegna.

5.3 Fjármagnsmarkaðurinn greiðir fyrir hagræðingu

Jákvæð áhrif breytinga

Ekki leikur vafi á um að virkur fjármagnsmarkaður er til þess fallinn að greiða fyrir hagræðingu og endurskipulagningu í atvinnulífinu. Í fyrsta lagi má nefna, að með honum hefur opnast leið fyrir fyrirtæki að ná nýju fjármagni inn í reksturinn, sem getur bæði verið forsenda fyrir því að ný fyrirtæki verði til og jafnframt fyrir því að afla aukins eigin fjár til stækkunar og nýsköpunar í fyrirtækjum, sem þegar hafa haslað sér völl. Virk viðskipti með hlutabréf stuðla líka að nauðsynlegum breytingum á eignarhaldi, stjórnun og skipulagi fyrirtækja. Þau stuðla yfirleitt að því að fjármagn flytst til þeirra fyrirtækja, sem eru vel rekin og bjóða upp á hagstæða framtíðarmöguleika. Jafnframt hefur aukin reynsla og þekking starfsmanna á fjármálamarkaði jákvæð áhrif, bæði fyrir fyrirtækin sem njóta þjónustu þeirra sem og fyrir fjárfesta. Aukin tengsl við erlenda fjármagnsmarkaði hefur einnig áhrif í sömu átt.

Reynsla til að læra af

Á undanförnum misserum hafa þátttakendur á íslenskum hlutabréfamarkaði í fyrsta sinn upplifað niðursveiflu eftir stöðugan vöxt ár frá ári. Sú reynsla hefur í ákveðnum tilvikum verið erfið en hlýtur þó að vera holl þegar til lengri tíma er litið. Þátttakendur á markaðnum, hvort sem um er að ræða stjórnendur skráðra félaga, fjárfesta eða starfsmenn fjármálafyrirtækja, eiga nú að vera raunsærri og varkárari en áður. Niðursveiflan, einkum í viðskiptum með bréf í hátækni- og upplýsingafyrirtækjum, er ekki séríslenskt fyrirbæri, og stjórnendur um allan heim ættu nú að vera betur í stakk búnir en áður til að leggja mat á hvaða hugmyndir, fyrirtæki og hlutabréf eru þess virði að fjárfesta í.

5.4 Arðsemiskröfur

Tilkoma hlutabréfamarkaðarins stuðlar ótvírætt að því að arðsemiskröfur fara vaxandi í íslenskum atvinnurekstri. Fjöldi

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

sérfræðinga hefur af því atvinnu að leggja mat á rekstur fyrirtækja, skoða afkomuna og spá fyrir um framtíðarmöguleika. Aðhaldið að stjórnendum fyrirtækja hefur því aukist stórlega. Stjórnendurnir þurfa stöðugt að leggja verk sín í dóm bæði hluthafa og utanaðkomandi aðila, uppgjör eru birt reglulega og vegin og metin af fjölda aðila, og þolinmæði gagnvart fyrirtækjum sem ekki sýna árangur hefur minnkað stórlega. Þetta er að sjálfsgöðu jákvæð þróun og til þess fallin að stuðla að aukinni hagræðingu í atvinnulífinu, en þó verður að gæta þess að skammtímasjónarmið séu ekki of ríkjandi við mat á fjárfestingarkostum, og reynir þá á að allir sem að málum koma geri sitt besta til að horfa til lengri tíma og meta af raunsæi hverjir framtíðarmöguleikar viðkomandi fyrirtækja eru.

Aukið aðhald

5.5 Hærra menntunarstig - aukinn sveigjanleiki

Menntun, reynsla og þekking bæði starfsmanna og stjórnenda fyrirtækja hefur mikil áhrif á möguleika þeirra til að hagræða og auka framleiðni. Hlutfall langskólagenginna starfsmanna og sérhæfðra stjórnenda í fyrirtækjum hefur vaxið mjög hratt í íslensku atvinnulífi á undanförunum árum og munar þar ekki síst um aukinn fjölda fólks, sem sótt hefur sér menntun og starfsreynslu erlendis. Með þessu skilar fjölbreyttari reynsla og þekking sér inn í atvinnulífið og gerir það færara um að taka þátt í alþjóðlegri samkeppni. Með þessu verða stjórnendur í atvinnulífinu betur undir það búnir að nýta sér tækifæri til að sækja á erlenda markaði og jafnframt eiga straumar og stefnur í viðskiptalífi annarra landa greiðari leið inn í íslensk fyrirtæki.

Fjölbreytt reynsla

Aukin menntun og reynsla stjórnenda og sérhæfðra starfsmanna í fyrirtækjum, samhliða auknum arðsemiskröfum og meira aðhaldi, hefur leitt til meiri hreyfanleika lykilstarfsmanna. Yngra fólk í atvinnulífinu ræður sig ekki lengur til starfa með því hugarfari að starfa hjá sama fyrirtæki alla starfsævi sína heldur lítur fremur á ráðningu sína sem tímabundna. Á sama hátt eru vinnuveitendur almennt ekki eins hikandi og stundum áður við að flytja starfsmenn til í störfum eða skipta þeim út fyrir aðra og hæfari. Þetta hefur í för með sér aukið aðhald og meiri sveigjanleika, en ókostir þessarar þróunar er að hollusta og trúnaður milli starfsmanna og vinnuveitanda kann að minnka og undir ýmsum kringumstæðum skapast hætta á að verðmæt þekking og reynsla hverfi úr fyrirtækjum. Báðir aðilar hafa viðleitni til að tryggja sig gagnvart þessu og hafa t.d. ýmis fyrirtæki reynt að stuðla að kaupum lykilstarfsmanna á hlutabréfum, svo sem með kaupréttarsamningum eða öðrum hætti, með það fyrir augum að tengja betur hagsmuni starfsmannanna við reksturinn. Þá má nefna að ýmiss konar starfslokaákvæði í ráðningarsamningum hafa færst í vöxt og þjóna þau þeim tilgangi að kveða fyrirfram á um réttindi og skyldur aðila þegar ráðningarsambandi lýkur.

Breytt hugarfar

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

Virk
samkeppni
um fólk

En þrátt fyrir að nokkrir ókostir kunni stundum að fylgja auknum hreyfanleika á vinnumarkaði og örari breytingum á fólki í lykilstöðum, þá má ætla að í heild séu áhrifin fremur jákvæð fyrir atvinnulífið, enda leiðir þessi þróun til virkari samkeppni milli starfsmanna um góð störf og jafnframt aukinnar samkeppni fyrirtækjanna um gott fólk. Frá sjónarhóli fyrirtækjanna er þó nauðsynlegt að ákveðið jafnvægi sé á milli fasts kjarna starfsmanna sem miðlar áfram uppsafnaðri reynslu og þekkingu og hins vegar hreyfanlegri hópi sem á hverjum tíma getur miðlað nýrri sýn og hugmyndum inn í starfsemina.

5.6 Horft út á við

Auknir
stækkunar-
möguleikar

Eitt hið jákvæðasta við þróun íslensks atvinnulífs á undanförunum árum er aukin sókn íslenskra fyrirtækja úr ólíkum atvinnugreinum inn á erlenda markaði. Löng hefð er fyrir erlendri starfsemi á vegum fisksölufyrirtækja og fyrirtækja í flutningum og ferðapjónustu, en á síðustu árum hafa fleiri greinar bæst við. Íslensk fyrirtæki í framleiðslu hátæknivöru, hugbúnaðargerð, fjármálastarfsemi, verslun og fleiri greinum hafa haslað sér völl erlendis þar sem þau hafa talið heimamarkaðinn of lítinn og mörg hver náð verulegum árangri. Þessi þróun er afar mikilvæg fyrir íslenskt atvinnulíf í margvíslegu tilliti, hún eflir fyrirtækin sem slík, gerir þeim kleift að stækka umfram það sem íslenski markaðurinn leyfir, og eykur þannig möguleika þeirra á að ná fram stærri og hagkvæmari einingum, sem eiga auðveldara með að standast samkeppni við erlenda keppinauta.

Aukin starfsemi á erlendum vettvangi getur einnig nýtt fyrirtækjunum í starfsemi þeirra hér á landi, þar sem reynsla af nýju og oft kröfuharðara starfsumhverfi, getur auðveldað stjórnendum að takast á við viðfangsefnin heima fyrir með nýjum aðferðum og út frá öðrum forsendum en áður.

5.7 Nýsköpun í atvinnulífinu

Leiðir til að
hagræða

Nýsköpun í atvinnulífinu og hagræðing tengjast nánnum böndum. Í nýjum atvinnugreinum, svo sem í hátækni og hugbúnaði, felst nýsköpunin iðulega í því að framleiða nýjungar, sem eru til þess fallnar að auðvelda viðskiptavinum/kaupendum að stunda starfsemi sína með hagkvæmari og skilvirkari hætti, hvort sem um framleiðslu, verslun eða þjónustu er að ræða. Nýsköpun útflutningsfyrirtækja getur falist í því að ryðja sér til rúms á nýjum mörkuðum, með þeim möguleikum sem því fylgja. Nýsköpun í hefðbundnum greinum, sem beita sér aðallega á heimamarkaði, felst fyrst og fremst í því að finna leiðir til að hagræða og lækka kostnað við framleiðslu á vöru eða þjónustu. Nýsköpun er því í mörgum tilvikum nauðsynleg forsenda þess að framleiðni aukist og hagræðing náist í rekstrinum.

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

Skilyrði til nýsköpunar eru á margan hátt betri í dag hér á landi en fyrir fáeinum árum. Aðgangur að fjármagni er auðveldari, meira framboð á vel menntuðu vinnuafli, hagstæðara skattaumhverfi og svo má lengi telja. Enn er þó þörf á að bæta skattaumhverfið, einkum með hliðsjón af alþjóðavæðingu og erlendri fjárfestingu, en nánar er vikið að því á öðrum stað skýrslunni.

5.8 Rafræn viðskipti - hagnýting upplýsingatækni

Hagnýting upplýsingatækni og útbreiðsla rafrænna viðskipta felur í sér afar margvíslega hagræðingarmöguleika fyrir atvinnulífið. Hin nýja tækni býður upp á möguleika fyrir fyrirtæki á öllum stigum þjónustukeðjunnar, allt frá framleiðanda til smásala, til að auka hraða og skilvirkni og draga úr kostnaði sem fylgir óþörfu birgða- og starfsmannahaldi. Sífellt fleiri aðilar, hvort sem er í iðnaði, flutningum, heilidsölu og smásölu, nýta sér kosti rafrænna samskipta til að ná betri nýtingu og auka arðsemi í rekstrinum. Í ýmsum þjónustugreinum færast samskipti, bæði milli fyrirtækjanna innbyrðis og gagnvart neytendum, í sífellt auknum mæli í rafrænt form, öllum aðilum til hagsbóta. Sama á við um ýmis samskipti fyrirtækja við opinbera aðila.

Aukin
skilvirkni

Forsenda þess að rafræn viðskipti geti þróast í rétta átt er að þau njóti sama trausts og viðskipti í hefðbundnu formi. Aukið öryggi rafrænna viðskipta og sífellt skýrari lagarammi, sem um þau gildir, gefur ástæðu til að ætla að verulega aukið hagræði muni nást með þessum hætti á næstu árum. Vissulega getur upptaka rafrænna viðskipta leitt til kostnaðar fyrir fyrirtækin í fyrstu vegna fjárfestinga í vél- og hugbúnaði og breytinga á vinnuferlum, en gera má ráð fyrir að sú fjárfesting skili sér almennt fljótt til baka ef rétt er að henni staðið í upphafi.

5.9 Ráðdeild í rekstri alltaf nauðsynleg

Fyrir utan þá þætti, sem hér hafa verið nefndir, hlýtur atvinnulífið stöðugt að leita hefðbundinna leiða til að draga úr kostnaði, skera niður óþarfa útgjöld og gæta hagkvæmnissjónarmiða þegar ákvarðanir eru teknar um fjárfestingar. Aukið aðhald að stjórnendum skiptir verulegu máli í því sambandi eins og hér er rakið að framan, en einnig er mikilvægt að ný þekking og tækni sé hagnýtt í því skyni. Kröfur um aukna framleiðni vinnuafls hljóta líka að vaxa, enda eru takmörk fyrir því hvað unnt er að standa undir miklum vexti með lengri vinnutíma og aukinni atvinnuþátttöku í landinu.

Aukin
framleiðni

Stjórnendur fyrirtækja verða að gera harðar kröfur til sjálfra sín í þessum efnunum. Jafnframt hljóta þeir að gera miklar kröfur til ríkisins og sveitarfélaga um skynsamlega nýtingu þess fjár sem aflað er með skattheimtu til sameiginlegra útgjalda. Fullyrða má

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

að víða sé pottur brotinn í þeim efnum og að unnt sé að ná umtalsverðri hagræðingu hjá hinu opinbera með því að nýta kosti einkarekstrar og samkeppni.